

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

197. TÖLUBLAÐ 18. ARGANGUR

MÍÐVIKUDAGUR 22. ÁGÚST 2018



Keiktu á gleðinni

Viltu vinna áskrift í heilt ár?

Hvað er **HEIMA?**

10x meira gagnamagn í farsímann

MARGFALT SKEMMTILEGRI

Ný og betri verð

1.990 kr.
Stöð 2 Marapön

6.990 kr.
Stöð 2

9.990 kr.
Stöð 2 Sport

Kveiktu á gleðinni í vetur!

Þetta eru vinsælustu áskriftarleiðirnar okkar. Þú velur hvað þú vilt, borgar ekki fyrir óþarfa og færð fyrir vikið meira af því sem þú vilt horfa á. **Hvernig áskrift hentar þér?**



Risastór
efnisveita
1.990 kr.
á mánuði



Kveiktu á **Stöð 2 Marapón**

Gríðarlegt magn kvikmynda og sjónvarpsþátta ásamt úrvali af barnaeftni sem allt er með íslensku tali eða texta.



Heima með Stöð 2 Marapón:
12.990 kr. á mánuði*



Stöð 2
6.990 kr.
á mánuði

- bættu
við 3.000 kr.
og þú færð
Skemmtipakkinn á
9.990 kr.



Kveiktu á **Skemmtipakkanum**

Skemmtipakkinn inniheldur fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Nýjustu þættirnir, gamlir og góðir vinir, kvikmyndir og barnaeftni.



Heima með Skemmtipakkanum:
16.990 kr. á mánuði*

Game of Thrones ©2018 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Viltu vinna áskrift í heilt ár?

Ekki þurfi að auka eigið fé fyrir útboð

Skúli segir ekkert plan b ef skuldabréfaútboð WOW air heppnast ekki. Hann hefur fulla trú á að útboðið klárast. Spurningin sé aðeins um kjör. Útlit er fyrir að þriðji ársfjórðungur verði sá næstbesti í sögu félagsins og að eiginfjarstaðan muni því batna verulega.

VIÐSKIPTI Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, segir að ekki þurfi að auka hlutafé félagsins til að bæta eiginfjarstöðuna áður en ráðist verður í 6 til 12 milljarða króna skuldabréfaútboð. Eiginfjarhlutfall flugfélagsins, sem var aðeins 4,8 prósent í lok júní, muni batna verulega á seinni árhelmingi en útlit sé fyrir að rekstrarhagnaður verði þá um þrjú milljarðar króna og aukist um 159 prósent á milli ára.

Í viðtali við Markaðinn segir Skúli að undirbúningur að þessari fjármögnun hafi staðið yfir í rúmt ár og því „teljum við okkur geta klárað hana hratt núna þegar formlegt ferli er hafid“. Skúli, ásamt ráðgjöfum Pareto sem hafa umsjón með útboðinu, hefur undanfarna daga átt fundi með fjárfestum í Norður-Evrópu. Fjármögnunin er hugsuð sem brúarlán fram að skráningu á hlutabréfamarkað innan 18 mánaða.

Aðspurður hvert sé plan b ef skuldabréfaútgáfan heppnast ekki segir Skúli að „þetta snúist í raun bara um kjör. Núna erum við búin að tala við tugi fjárfesta og fengið mjög góð viðbrögð en jafnframt góðar ábendingar og munum nota það til að klára næstu skref. Það má því segja að plan b og c snúist um stærð og álagningu frekar en hvort við klárum fjármögnunina eða ekki.“

Samkvæmt skilmálum útboðsins þarf eigið fé WOW air að nema að lágmarki 25 milljónum dala eftir útgáfu skuldabréfsins en um mitt þetta ár var það um 20 milljónir dala. Spurður hvort félagið sé af þeim sökum ekki að vinna að því að stækja sér einnig aukid hlutafé til að styrkja eiginfjarstöðu félagsins segir

159%

aukningu er spáð í rekstrarhagnaði á seinni árhelmingi 2018 og að hann verði um þrjú milljarðar króna.

Skúli að gert sé ráð fyrir að WOW air skili hagnaði á seinni hluta ársins og eigið fé verði því „umtalsvert betra“ en 25 milljónir dala.

„Við sjáum það nú þegar miðað við afkomuna í júlí og bókunarstöðuna í ágúst og september að þriðji ársfjórðungur á þessu ári.“ útskýrir Skúli, „verður næstbesti fjórðungur í sögu félagsins og því teljum við afkomuspána fyrir seinni hluta ársins í takt við væntingar okkar.“

Afkoma WOW air hefur versnað mikið á skömmum tíma og nam rekstrartap félagsins um 5 milljörðum frá júlí 2017 til júní 2018. Áætlanir gera hins vegar ráð fyrir verulegum viðsnúningi næstu mánuði og misseri. Skúli segir þær spár ekki byggja á lækkaðri olíuverði og hækkaðri meðalfargjöldum heldur „aðgerðum og fjárfestingum sem þegar hefur verið ráðist í eins og með hliðartekjuaukninguna og Premium-sætin. Þessi aukning er þegar orðin ljós í júlí og í bókunum á næstu mánuðum.“

Hann neitar því að fréttir af fjárhagsstöðu WOW air hafi haft neikvæð áhrif á miðasölu. „Við sjáum ekki að þessi umfjöllun hafi haft nein áhrif á sölu miða síðustu daga,“ segir Skúli. – **hae / sjá Markaðinn**



Stefán Karl Stefánsson

f. 20.07. 1975 – d. 21.08. 2018

FRÉTTABLAÐIÐ / ANDRI MARINÓ

Arnarlax stækkar ört

VIÐSKIPTI Laxeldisfyrirtækið Arnarlax lauk í sumar við 2,6 milljarða króna hlutafjárukningu sem ætlað er að byggja upp seiðastöð lífmassa og vinnslu en samkomulagið kveður á um að Arnarlax verði skráð í norsku Kauphöllina innan tveggja ára.

Fyrirtækið hefur margfaldast í umfangi á skömmum tíma og telur stjórnarformaðurinn Kjartan Ólafsson að íslenskt laxeldi geti orðið umsvifameira en hinn hefðbundni sjávarútvegur. – **þfh / sjá Markaðinn**



Margir hyggja á breytingar í vetur.

Fræga fólkið í framkvæmdum

LÍFID Fræga fólkið þarf líka að fara í gegnum borgar- og sveitarstjórnir til að fá breytingar á hilylum sínum í gegn. Í fundargerðum borgarinnar og nágrennasveitarfélaga má sjá að margir frægir hyggja á breytingar á sínum stað.

Benedikt Erlingsson býður lokaúttektar byggingafulltrúa fyrir breytingu á vinnustofu og CrossFit-kóngurinn Evert Viglundsson hyggst stækka sólstofu. – **bb / sjá síðu 48**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Sigríður Á. Andersen skrifur um löggæslumál. **16**

SPORT Sigurinn á EM hafði mikið að segja fyrir Axel Boasson. **12**

TÍMAMÓT Doktor Rúnar Leifsson rannsakaði dýraförnir á víkingaöld á Íslandi. **26**

LÍFID Stefán Karl Stefánsson var og er þjóðargersemi. **34**

PLÚS 2 SÉRBLÓÐ
● FÓLK
● FYRIRTEKJAPJÓNUSTA

*Samkvæmt prentmiðakönnun Gallup apríl/júní 2015



A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

Bæjarhátíðarskraut!
Vatnsheldar fánalengjur ofl.

Sendum samdægurs
Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Norðlæg átt 3-8 m/s og skúrir, einkum síðdegis en ætti að sjá eitthvað til sólar á sunnanverðu landinu. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast á Suðurlandi. **SJÁ SÍÐU 16**

Perlað af krafti



Í tilefni af Bæjarhátið Mosfellsbæjar perlaði Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur, með Aftureldingu og Mosfell-ingum armbönd í litum Krafts með áletruninni „Lífio er núna“. Armböndin verða svo seld og mun ágóðinn renna til félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Margir stúdentar bíða úthlutunar

HÚSNÆÐISMÁL 729 umsækjendur eru á biðlista eftir húsnæði á vegum Félagsstofnunar stúdenta eftir að haustúthlutun lauk. Er það betra ástand en í fyrra þegar 824 voru á biðlista.

Um 1.200 leigugeiningar eru til ráðstöfunar og voru umsóknir fyrir haustið alls 1.656. Þegar búið var að úthluta íbúðum til núverandi leigjenda sem hafa rétt á áframhaldandi búsetu voru 185 leigugeiningar til ráðstöfunar fyrir nýja leigjendur.

Stefnt er að því að taka næsta áfanga Stúdentagarða í notkun í janúar 2020 en um er að ræða 244 íbúðir á lóð Vísindagarða á háskóla-svæðinu.

Í tilkynningu frá Félagsstofnun stúdenta kemur fram að í dag geti stofnunin boðið tíu prósentum nemenda við Háskóla Íslands húsnæði. – sar



Rakel, Laureen og Rakel voru hressar í MH í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Nemendur mæta úthvildir til leiks

MENNTUN Framhaldsskólanemar mæta nú aftur til náms og halda skólagöngu sinni áfram eftir sumarið. Skólaásetning var í MH og Verslunarskóla Íslands í vikunni.

Samkvæmt Menntamálastofnun hefur hlutfall brautskráðra eftir fjögur ár í námi aukist síðustu ár. Sú tala stóð í 44 prósentum 2012 en er nú 55 prósent. Hlutfall nemenda sem eru enn í námi eftir fjögur ár hefur lækkað. Vísindingar eru um að brottvarf fari lítilliga minnkandi sömuleiðis. – þea

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir má nálgast á +PLÚS síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +PLÚS er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

Stefán Karl Stefánsson er öllum harmdauði

Stefán Karl Stefánsson leikari er látinn eftir erfiða baráttu við krabbamein. Hann naut gríðarlega vinsælda bæði hér á landi og utan landsteinanna. Ari Matthiasson þjóðleikhússtjóri segir Stefán Karl hafa verið ótrúlega dýrmatan.

SAMFÉLAG Stefán Karl Stefánsson leikari lést í gær, 43 ára gamall, eftir áralanga baráttu við illvigt gallganga-krabbamein. Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, eiginkona Stefáns, leikona og ritsjóri, greindi frá þessu í gær en hann létur eftir sig fjögur börn.

Á sinni of stuttu ævi gat Stefán Karl sér gott orð sem leikari. Jafnt hér á landi sem utan landsteinanna. Hann útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands vorið 1999 og lék meðal annars í Kirsuberjagarðinum og Gullna hljóinu og vakti mikla lukku með Hilmí Snæ Guðnasyni í þriggja í sýningunni Með fulla vasa af grjóti. Þá sýningu sýndu þeir tíu sinnum á síðasta ári þegar Stefán Karl var nýkominn á fætur eftir erfiða skurð-ágerð.

Stefán Karl er þó vafalítið þekktastur fyrir túlkun sína á Glanna glæp, erkióvni Íþrótttaálfins í Latabæ. Lékk hann Glanna bæði á sviði og í sjónvarpsþáttunum Lazy Town sem nutu gríðarlega vinsælda víða um heim. Þá aflaði Stefán Karl sér einnig mikilla vinsælda og fjölda aðdáenda þegar hann lék Trölla sem stal jóluunum í Bandaríkjunum og Kanada.

Ari Matthiasson þjóðleikhússtjóri segir Stefán Karl hafa verið ótrúlegan snilling. „Ég byrjaði að leika með Stebba í Litlu hryllingsbúðinni, þá var hann nýtskrifaður úr leiklistarskólanum. Hann var fenómenal snillingur, hann Stebbi minn. Ég er algjörlega miður min.“

Aukinheldur segir Ari að Stefán Karl hafi verið „ótrúlega dýrmatúr listamaður og hæfileikaríkur“. Hann tekur dæmi um að eitt sinn hafi Bubbi Morthens, sem söng fyrir



Stefán Karl Stefánsson leikari er fallinn frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Ég byrjaði að leika með Stebba í Litlu hryllingsbúðinni, þá var hann nýtskrifaður úr leiklistarskólanum. Hann var fenómenal snillingur, hann Stebbi minn. Ég er algjörlega miður min.

Ari Matthiasson, þjóðleikhússtjóri



plöntuna Auði 2, verið tvíbókaður. Stefán Karl, sem lék þá tannlækninn Brodda sadó og fjölda annarra hlutverka, tók þá á sig að syngja fyrir plöntuna sömuleiðis. „Þetta var alveg ótrúlegt vegna þess að það átti ekkert að vera hægt,“ segir hann.

Ari nefnir einnig sérstaklega vinnu Stefáns Karls gegn einelti. „Þetta er maður sem opnaði á umræðu um einelti um aldamótin og flutti ofboðslegan fjölda fyrirlestra um það. Stebbi var þannig maður að hann opnaði á þessa umræðu og stofnaði Regnbogabörn.“

Í yfirlýsingu Steinunnar Ólínu í gær kom fram að að ósk Stefáns Karls verði engin jarðarför. Jarðneskum leifum hans verði dreift í kyrphey á úthafi fjær.

thorgny@frettabladid.is

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is

” Námið hjá Promennt gagnast mér gríðarlega vel á nýjum starfsvettvangi enda mjög hagnýtt bókhaldsnám. Möguleiki á stað- og fjarnámi skipti mig mjög miklu þar sem ég var í fæðingarorlofi mestan hluta námstímans. Í kjölfar þessa skemmtilega og krefjandi náms sinni ég nú verkefnum aðal- bókara/fjármálastjóra í nýju starfi í ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki.

Ingunn Guðbrandsdóttir, fyrrverandi nemandi í Bókhaldi



GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSMANNI

BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA Í BEINNI



LÁNSHEFT NÁM

BÓKHALD – GRUNNUR

- Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **3. október** • Morgun- og kvöldhópur • **23 skipti**

BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

- Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **18. september** • Morgun- og kvöldhópur • **25 skipti**

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

BÓKHALDSGREINAR miðvikudaginn
29. ágúst kl. 18

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúin fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
- Námið skiptist í fimm hluta:
 - Bókhald – grunnur
 - Verkefnastjórnun með MindManager
 - Bókaránám fyrir lengra komna
 - Skattskil einstaklinga með rekstur
 - Viðurkenndur bókari

Hefst **3. október** • Lýkur í desember 2019

SKRIFSTOFUSKÓLI

EINSTAKT VERÐ

- Mjög gagnleg námsbraut í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **54.000 kr.** (pr. námsbraut) í stað 293.000 kr.

Hefst **5. september** • Morgun- og kvöldhópur • **48 skipti**

+PLÚS



Mikilvægt er að drífa sig í kennslustund svo maður mæti á réttum tíma. Oft getur reynst ágæt líkamsrækt að ganga upp stiga, sérstaklega ef sumarið hefur verið í rólegri kantinum.

Menntskælingar mættir til leiks

Sumarfrið er á enda. Menntaskólar víða um land hafa opnað dyr sínar fyrir nemendum sem vafalaust fagna því að geta loks tekið sér sæti á skólabekk.



Nemendur MH voru fljótir að finna vini sína þegar skólinn var settur og ræddu um það sem á daga þeirra dreif í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þær Svandís Rós Ríkharrsdóttir, Selma Kristín Eydal, Hekla Karen Alexandersdóttir, Þyri Erla L. Sigurðardóttir og Ástrós Halla Harðardóttir voru sáttar við að vera mættar aftur til náms.



Í Versló sátu Snæfríður Finnsdóttir, Thelma Sif Valdimarsdóttir, Ísabella Líf Sigurðardóttir og Rebekka Líf Ingadóttir saman yfir hádegismatnum.



Ekki vantaði fjörið í Verslunarskólanum. Þar hittust vinir á ný eftir sumarið.

GLAMOUR

Verzlunarhandbók Glamour og Smáralindar er komin út!



Kiktu við í Smáralind og gríptu með þér frítt eintak!

Hætt að gefa þögult samþykki eftir heimsókn Piu Kjærsgaard

STJÓRN MÁL Piratar hafa óskað eftir lögfræðilíti frá skrifstofu Alþingis á því hvort það samrýmist stjórnarskrá á heimila öðrum en þingmönnum, ráðherrum og forseta Íslands að ávarpa Alþingi. „Ég kalliði eftir alíti á þessu á sumarfundi forsætisnefndar í síðustu viku,“ segir Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pirata og fulltrúi þingflokksins í forsætisnefnd.

Tilfni beðni um alítið er ávarp Piu Kjærsgaard, forseta danska þingsins, á hátiðarfundinum.



Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pirata.

Í sumar. Athygli Jóns Þórs hafði áður verið vakinn á þessari túlkun stjórnarskrárinnar vegna frumvarps sem hann hugðist leggja fram um ávarp almennra borgara á þingfundum.

„Okkar þingflokkur er alveg harður á því að þessu þarf að svara. Það gengur ekki að það ríki óvissa um hvort þingforseti sé að brjóta stjórnarskrá,“ segir Jón Þór og visar til þeirrar ákvæðunar Steingrims J. Sigfússonar að bjóða Piu Kjærsgaard að ávarpa hátiðarfundinn.

Aðspurður segir Jón Þór ekki hafa verið ákveðið hvort frekari eftirmál verði af heimsókn Piu þegar þing kemur saman.

„Ég er ekki búinn að hugsa þann vinkil sjálfur en hitt er alveg ákveðið

að það verður vinnuregla í okkar þingflokki að það verður ekkert ætlað samþykki framir í málum af hálfu okkar þingmanna.“

Jón Þór segir forseta þingsins hafa þann stíl að miða mikið við ætlað samþykki án þess endilega að fólk átti sig á því að það sé að veita þögult samþykki.

„A sumarfundi forsætisnefndar í síðustu viku spurði ég til dæmis ítrek að hvað væri að gerast og hvort um ákvörðunartöku væri að ræða bara til að vita hvort ég þyrfti mögulega

að láta bóka andmæli. Ég get ekki tekið sýna með þetta eins og gerðist á sumarfundinum í fyrra þar sem viðarar voru einhverjar hugmyndir um að forseti danska þingsins kæmi kanski hingað til hátiðarfundar og forseti ynni fram að undirbúningi. Að þá sé ég bara búinn að samþykkja að ég fái ekkert meira að vita af málinu fyrr en degi fyrir fundinn,“ segir Jón Þór Ólafsson.

Af þessu tilfni hafi hin nýja vinnuregla verið tekin upp hjá þingflokki. –aa



Frá Reykjavíkurmaraþoninu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

155 milljónir söfnuðust í hlaupastyrki

SAMFÉLAG Rúmlega 155 milljónir króna söfnuðust í styrki til ýmissa góðgerðarfélaganna og málefna í Reykjavíkurmaraþoninu sem fram fer síðastliðinn laugardag. Er um tóluverða aukningu að ræða frá síðasta ári þegar 118 milljónir söfnuðust.

Alls voru þátttakendur í maraþoninu um fjórtán þúsund talsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslandsbanka sem er helsti styrktaradili hlaupsins. Fjármunirnir sem söfnuðust munu renna óskiptir til 180 góðgerðarfélaganna. –sar

Frí námsgögn í Kópavogi

SKÓLAR Námshöggn verða ókeypis fyrir nemendur í grunnskólum í Kópavogi sem settir verða á morgun, fimmtudag.

„Skólagögnin sem er ræðir eru stílabækur, reikningsbækur, möppur, vinnubækur, vinnubókarblöð, pappír, ritföng, litir, vasareiknir og fleira. Þess má geta að allir nemendur í 5. til 10. bekk í Kópavogi fá einnig spjaldtölvur án endurgjalds, en þeim stendur til bóða að kaupa þær ef þess er óskað,“ segir í tilkynningu frá bæjaryfirvöldum.

Fram kemur að um 5.000 nemendur verði í grunnskólum Kópavogs í vetur, þar af um 500 sem stiga sín fyrstu skref í 1. bekk. –gar

Mönnun leikskóla borgarinnar gengur betur en síðustu ár

Staðan hjá leikskólum borgarinnar er betri en síðustu ár. Engu að síður þurfa 128 börn að biða eftir því að hefja leikskólavöl. Formaður skóla- og frístundaráðs segir að aðgerðir sem gripið hafi verið til séu að skila sér en unnið sé af krafti að því að ráða í lausar stöður.

SKÓLAMÁL Enn er óráðið í 62 stöðugildi á leikskólum borgarinnar miðað við grunnmönnun. Þar að auki vanta 22,5 stöðugildi í afleysingar. Þetta kemur fram í minnisblaði skóla- og frístundasviðs sem lagt var fram á fundi skóla- og frístundaráðs í gær.

Er staðan betri en síðustu ár en á sama tíma í fyrra átti eftir að ráða í um 119 stöðugildi og í um 102 stöðugildi árið áður.

Inntaka 128 barna á ellefu leikskólum mun dragast vegna manneflu en alls var um 1.400 börnum boðið leikskólapláss frá og með haustinu.

„Það eru mjög jákvæðar fréttir að þetta sé allt að ganga umtalsvert betur en síðustu tvö ár. Á því eru margar skýringar en þessar fjölmörgu aðgerðir sem gripið hefur verið til virðast vera að skila þessu,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs.

Hann segir aðgerðirnar hafa miðað að því að gera það eftirsóknarverðara en áður að vinna hjá borginni. „Við höfum verið að bæta kjörin og starfsumhverfið. Talsverðu fjármagni hefur verið varið til þess. Undirbúningstímum hefur verið fjölgað, leik-



Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að bæta starfsumhverfi á leikskólum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

128
börn biða þess að hefja leikskólavöl.

62
stöðugildi á enn eftir að ráða í.

50%
leikskóla borgarinnar eru fullmönnuð.

rými bætt, starfsfólki fjölgað á elstu deildum og svo mætti lengi telja.“

Skúli segir að enginn sé samt fyllilega ánægður fyrr en búíð sé að fullmanna alla leikskóla. „Það er mál sem við munum reyna að leysa sem allra fyrst og það er unnið í því af fullum krafti. Við erum líka að bjóða upp á þann valkost að börn fái pláss á öðrum leikskólum þar sem er laust.“

Þá bendir hann á að ólíkt síðustu árum sé laus pláss fyrir öll þau börn sem núna séu á biðlistum.

Katrín Atladóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu, tekur undir með Skúla að það sé ánægjulegt að staðan sé betri en síðustu ár. „Það er samt áhyggjuefni að mörg börn biða enn eftir að komast að. Það er stórt vandamál fyrir fjölskyldurnar að þau geta ekki byrjað þótt þau séu komin með pláss. Övissan er erfið fyrir fólk.“

Sveinlaug Sigurðardóttir, varaformaður Félags leikskólakennara, segir stöðuna í haust ekki hafa verið rædda sérstaklega í félaginu.

„Við höfum undanfarnir ár verið að benda á að það þurfi að fjölga leikskólakennurum. Til þess þarf að hækka launin en svo er líka hætt umræða innan okkar ráða um bætt starfsumhverfi. Sum sveitarfélög, meðal annars Reykjavík, eru að taka skref í rétta átt en betur má ef duga skal.“

Þá segist hún óttast að sú stefna að koma yngri börnum á leikskólana hafi ekki verið hugsuð til enda. „Þetta væri góð laus ef leikskólarnir væru í aðstöðu til þess. Það var mönnunarvið fyrri en þarna er í raun verið að auka á vandann. Eg er ekki viss um að þetta skref sé tímabært, það hefði þurft að styrkja leikskólana meira áður en farið verður í að stækka kerfið.“ sighvatur@frettabladid.is

Trump-liðinn Manafort sakfelldur

BANDARÍKIN Paul Manafort, sem stýrði um skeið forsetaframbóði Donalds Trump, var sakfelldur í Virginíu og gær fyrir skattsvik í fimm liðum. Manafort var einnig sakfelldur fyrir að hafa ekki upplýst um reikninga erlendis og fyrir bankasvindli í tveimur liðum.

Kviðdómur náði saman um þessa átta ákæruhlíði en ákæran var alls í 18 liðum. Ekki náðist samkomulag um dóm í hinum tíu ákæruhlíðunum og úrskurðaði dómari þá því ómerka. Þeir liðir verða því teknir fyrir aftur.

Um er að ræða fyrstu réttarhöldin vegna rannsóknar Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á meintu samráði framboðs Trumps við Rússa og öllum þeim málum sem uppgötvast við rannsóknina. Saksóknarar sýndu fram á að Manafort hefði lifað luxulífi og héldu því fram að það hefði einungis verið hægt vegna skattsvika hans.



Paul Manafort, áður kosningastjóri Donalds Trump. NORDICPHOTOS/AFP

Manafort á þó yfir höfði sér aðra ákæru, meðal annars fyrir samsæri gegn Bandaríkjunum, og verður það mál tekið fyrir í næsta mánuði.

Michael Cohen, fyrrverandi lögmaður Trumps, hefur einnig verið til rannsóknar. Saksóknaraembætti New York-ríkis hefur farið með málið eftir ábendingu frá Mueller. Cohen lýsti sig í gær sekan meðal annars um að hafa brotið lög um fjármögnun framboða og um að hafa greitt tveimur konum háar fjárhæðir. Sagði Cohen þær greiðslur hafa verið inntar af hendi til að hafa áhrif á kosningarnar en um er að ræða greiðslur til kvenna sem halda því fram að þær hafi sængað hjá Trump.

Cohen er nú í haldi lögreglu. Bandarískir miðlar greindu frá því í gær að hann hefði komist að samkomulagi við saksóknaraembættið en innihald þess samkomulags var ekki ljóst í gær. – þea

HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?

Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætalegur. Ökum allsgáð.

Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is

Punktur og Peningar

LÆKKADU VERÐIÐ MEÐ VILDARPUNKTUM

PUNKTAR

PENINGAR



Hvað átt þú marga punkta?

Nýttu þér Punkta og Peninga og láttu Vildarpunktana þína ganga upp í flugmiðann. Kannaðu stöðuna. Verðið gæti komið þér ánægjulega á óvart.

+ icelandair.is



Skemmtileg staðreynd: Þú safnar líka punktum þegar þú bókar flug með punktum

Misánægð með nýja sendiherrann

UTANRÍKISMÁL Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, tilnefndi í gær Jeffrey Ross Gunter í embætti sendiherra á Íslandi. Gunter er einn leiðtoga samtaka gyöinga í Repúblíkana-flokknum og húðsjúkdómalæknir frá Kaliforníu. Hann var jafnframt órlátur í garð framboðs Trumps árið 2016 og sat að auki í fjármálanefnd undirbúningsteyms hans eftir kosningarnar áður en Trump var settur í embætti.

Gunter á eftir að mæta fyrir nefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings þar sem hann verður væntanlega spurður spjörnum úr. Þekking hans á Íslandi og skoðanir á sambandi Íslands og Bandaríkjanna verða þar í forgrunni.



Jeffrey Ross Gunter.

Sem læknir er Gunter misvinsæll, ef marka má umsagnavefinn Yelp og heilbrigðismálaþjónustu U.S. News. Meðaleinkunn Gunters á Yelp er 1,5 stjarna af fimm og hefur 21 sagt skoðun sína á honum.

Ron M. sagði til að mynda að Gunter væri alveg sama um sjúklinga sína, af heimsókn sinni að dæma. Starfsfólk hans hafi hagað sér ófagmannlega og gaf Gunter eina stjórn. Samantha C. var ekki sammála. Sagði reynslu sína fráþæra og Gunter afar fróðan, gaf honum fimm stjórnur.

U.S. News birtir samantektir um lækna og í umfjöllun um Gunter fær hann tvö stig af fimm. Byggtist sí einkunnargjöf á reynslu 55 sjúklinga. Þessa einkunn fékk hann í öllum flokkum. Þeir eru hversu ítarlegar læknisskoðanir hans eru, hversu miklum tíma hann ver með sjúklingum, ánægja sjúklinga með árangur hans og almennt orðspor. — þea



Samdráttur nam um 15 prósentum frá fyrra ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞOR


Verðmæti útflutnings sjávarafurða dróst saman

SJÁVARÚTVEGUR Útflutningsverðmæti sjávarafurða á síðasta ári var um 197 milljarðar króna sem er um fimmtán prósentu samdráttur frá fyrra ári. Hins vegar jókst magn útflutnings milli ára. Þannig voru á síðasta ári flutt út um 610 þúsund tonn samanborið við tæp 580 þúsund tonn árið 2016.

Af einstökum tegundum var verðmæti þorskútflutnings mest eða tæpi 84 milljarðar, loóna var flutt út fyrir um 18 milljarðar, karfi fyrir rúma 11 milljarðar, makrill fyrir tæpa 11 milljarðar, ýsa fyrir 10,5 milljarðar og rækja fyrir rúma 10 milljarðar.

Ef verðmæti útflutnings til einstakra landa er skoðað kemur í ljós að mest var flutt til Bretlands, eða fyrir tæpan 31 milljarð. Næstmest var flutt til Frakklands, eða fyrir rúma 22 milljarðar. Útflutningur til Spánar nam rúmum 19 milljörðum, til Noregs tæpum 19 milljörðum og rúmum 17 milljörðum til Bandaríkjanna. — sar

Helgistund á leikvelli víkinganna



Bandaríska NFL-liðið Minnesota Vikings efndi í gær til stórhátíðar á leikvangi sínum. Þangað mættu þúsundir múslima til að fagna Eid al-Adha, eða fórnarhátíðinni. Hátíðin er ein sú helgasta í islam og stendur í fjóra daga. Minnst múslimar þess er Guð gaf Abraham hrút til að förna í stað sonar síns. NORDICPHOTOS/AFP

Óheimilt að ráða kynferðisbrotamenn

Metoo-nefnd Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur skilað af sér tillögum til ráðherra. Dæmdum kynferðisbrotamönnum verður óheimilt að starfa innan íþróttahreyfingarinnar nái tillögurnar fram að ganga.

SAMFÉLAG Íþróttafélögum verður óheimilt að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsíðoma fyrir kynferðisbrot, sveitarfélögum verður skylt að skilyrða félög sem fá fjárframlög frá hinu opinbera til að hafa viðbragðsáætlun ef ofbeldismál koma upp. Einnig verður sett á laggirnar ný staða ráðgjafa innan ráðuneytisins til að aðstoða félög í erfiðum málum.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti þessar tillögur í ríkisstjórn í gær. Tillögurnar voru unnar á vegum starfshóps sem skipaður var í kjölfar Metoo-yfirlýsinga íþróttakvenna. Tillögumun er ætlað að vernda og tryggja öryggi iðkenda í íþróttum á öllum aldri.

„Ég er afar stolt af vinnu þessa hóps. Grasrót íþróttahreyfingarinnar kemur saman og vinnur náið með hinu opinbera að tillögum sem að minnu mati auka og tryggja öryggi barna í íþróttum,“ segir Lilja. „Íþrótt- og tólmstundaiðkun barna

Grasrót íþróttahreyfingarinnar kemur saman og vinnur náið með hinu opinbera að tillögum sem að minnu mati auka og tryggja öryggi barna í íþróttum.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra



er afar mikilvæg og umhverfi þeirra á að vera öruggt. Með þessum tillögum erum við aðeins að útvikka það lagaumhverfi sem verið hefur við lýði innan menntastofnana. Fram undan eru svo tvö lagafrumvörp sem ég mun leggja fyrir þingið

þar sem tillögumun verður hrundið í framkvæmd.“

Hafdis Hinriksdóttir var tilnefnd í hópinn af íþróttakonum. Hún telur gríðarlega mikilvæg skref stigin til að tryggja öryggi kvenna í íþróttum.

„Það er í minum huga fráþært að fá hlutlausan aðila til starfa innan ráðuneytisins sem getur tekið á erfiðum málum. Sá aðili hefði engra hagsmuna að gæta innan hreyfingarinnar. Einnig á að ráðast í fræðslu alveg niður í yngri flokka til að miðla þekkingu til iðkenda og þjálfara til að auðvelda félögum að taka umræðuna um kynferðisbrot innan íþróttahreyfingarinnar,“ segir Hafdis og telur mikilvægt að allir starfsmenn íþróttafélaga hafi öflekkað mannorð.

„Einnig tel ég afar mikilvægt skref fyrir íþróttafélögin að þau geti aflað upplýsinga um það hvort einstaklingar innan sinna ráða hafa gerst brotlegir við kynferðisbrotakafala almennra hegningarlaga.“ sveinn@frettabladid.is

Mál Mirjam kalli á breytt verklag

STJÓRNSÝSLA „Við erum í þessum töluðu orðum að klára kæruna til ráðuneytisins, þar sem við erum að óska eftir betri niðurstöðu í hennar málum,“ segir Sveinn Guðmundsson lögmaður sem tók við máli Mirjam Van Twuijver sem boðuð var til afplánunar í fangelsi að nýju eftir að hafa unnið mál sitt gegn Útlendingastofnun eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í mánuðinum.

Sveinn segir ýmsa galla vera á meðferð máls hennar hjá stjórnvöldum og nefnir meðal annars upplýsingaskyldu stjórnvalda.

„Það hefði náttúrulega átt að koma fram í bréfi Útlendingastofnunar hver áhrif þess gætu orðið fyrir hana ef ákvörðun um brottvisun yrði afturkölluð. Það hefði þurft að gæta að þessari upplýsingaskyldu gagnvart henni sem er mjög íþyngjandi fyrir hana núna þegar á að fara að snúa þessu við,“ segir Sveinn og bætir við: „Þeir vita af þessu í dag hjá Útlendingastofnun og munu breyta þessu verklagi.“

Sjálf hefur Mirjam greint frá því að öll bréf sem henni berast frá íslenskum stjórnvöldum séu einungis á íslensku en hvorki á móðurmáli hennar né öðru tungumáli sem hún skilur.

Boðun Mirjam í fangelsi hefur verið frestað til 7. september. Sveinn segist ekki geta svarað því hvort niðurstæða verði komin í málið fyrir þann tíma eða hvort Mirjam verði gert að mæta í afplánun áður en mál hennar hefur verið leitt til lykta.



Gjald fyrir mat í skólum lækkar um þriðjung. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsta skrefið í átt að ókeypis skólamáltíðum

SKÓLAMÁL Gjald sem greitt er fyrir hádegismat barna í grunnskólum og leikskólum Fjarðabyggðar verður lækkað um þriðjung frá 1. október samkvæmt ákvörðun bæjarráðs.

Þæðisgjald í grunnskólum verður þannig 300 krónur á dag í stað 450 króna og hádegismatur í leikskóla mun kosta 2.957 krónur á mánuði í staðinn fyrir 4.406 krónur. „Þetta er fyrsti liður í átt að gjaldfrjálsum skólamáltíðum hjá Fjarðabyggð,“ segir í fundargerðinni.

Í sameiginlegri bókun fulltrúa meirihlutans og fulltrúa Miðflokksins segir að þeir telji það mikið jafnréttismál að Fjarðabyggð bjóði upp á gjaldfrjálsum skólamáltíðir leik- og grunnskólabarna. „Með því munum við létta undir með barnafjölskyldum ásamt því að standast 2. grein í Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna um jafnræði og bann við mismunum,“ segir í bókuninni.

Kostnaður við þetta nemur 7 milljónum króna á árinu og gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun vegna þessa. Fulltrúi Sjálfstæðisflokks sat hjá við afgreiðslu málsins. — gar

FLOTT Í SKÓLANN

30%
afsláttur

af öllum
skólatöskum



Bakpoki Track

14.132 kr/stk
verð áður 20.189 kr/stk



629 kr/stk
verð áður 789 kr/stk



TILBOÐ

5 stk í pk. stílabók
eða reikningsbók

1.899 kr/pk
verð áður 2.695 kr/pk



259 kr/pk
verð áður 319 kr/pk



426 kr/stk
verð áður 533 kr/stk



499 kr/stk
verð áður 631 kr/stk



Blyántasett

412 kr/pk
verð áður 589 kr/pk

30%
afsláttur



Margföldunarblýantar

165 kr/stk
verð áður 236 kr/stk



Einhyrninga- brúsi
og nestisbox

verð frá **433** kr/stk
verð áður 619 kr/stk

30%
afsláttur



Einhyrninga-
skrautblýantar

272 kr/stk
verð áður 389 kr/stk



Barnabrusar halda
köldu í 12 klst.

3.499 kr/stk

Brúsar sem halda heitu
í 10 klst og köldu í 24 klst!

3.999 kr/stk



30%
afsláttur

Nestisbrúsar

1.042 kr/stk
verð áður 1.489 kr/stk

Nestisbox

1.042 kr/stk
verð áður 1.489 kr/stk

Allt unnið fast í Skeiflu, Kringsló, Smáralind og Garðabæ, minna í öðrum verslunum. Gildistími tilboða til 26. ágúst.



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeiflu

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Dælan og fimm eldsneytisstöðvar til sölu

Einnig til sölu dagvöruverslun á Hellu

N1 hf. býður til sölu:

Annars vegar rekstur fimm eldsneytisstöðva ásamt vöruverkinu „Dælunni“ og tilheyrandi eignum.

Hins vegar rekstur dagvöruverslunar á Hellu ásamt tilheyrandi eignum.

Áhugasömum fjárfestum er bent á að hafa samband við Fyrirtækjaraðgjöf Landsbankans sem hefur umsjón með söluférlinu fyrir hönd N1. Fyrirspurnir má senda á fyrirtækjaraðgjof@landsbankinn.is. Fjárfestar fá fjárfestakynningu afhenta gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar og gera tilboð á grundvelli þeirra gagna. Óskað er eftir tilboðum í annars vegar eldsneytisreksturinn og hins vegar dagvöruverslunina. Tilboðsfrestur er til klukkan 16.00 þann 13. september 2018.

DÆLAN



Fagna frelsinu

Forsætisráðherra Grikkja segir tíma niðurskurðar á enda. Líkir erfiðleikum landsins við Ódysseifskviðu.

GRÍKKLAND Bjartir tímar eru fram undan fyrir Grikki. Þetta sagði Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, í gær eftir að níu ára niðurskurðaraðgerðum og vinnu við að rétta af efnahag landsins lauk.

Alvarleg staða efnahagsmálanna þar í landi varð öllum ljós árið 2010 og neyddust Grikkir til að leita til Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stundum gegn eigin vilja. Þrjú neyðarlánapakkar fengust og var heildarupphæð þeirra um 36 billjónir króna, eða 289 milljarðar evra. Grikkir fengu síðustu slíka greiðslu á mánudag. Grikkir eru þó ekki hólpnir enn enda eiga þeir eftir að borga þessi himinháu lán.

Tsipras lýsti undanföllum árum sem nokkurs konar nútímaútgáfu Ódysseifskviðu. Ræðu sína flutti Tsipras á eyjunni Íþöku, þangað sem Ódysseifur snéri aftur eftir tíu ára reisu sína sem skáldið Hömer fjallaði um í fyrrnefndri bók.

Sagði Tsipras að Grikkir mættu aldrei gleyma þeim erfiðu lexíum sem lærdúst undir vökulum augum lánardrottanna. Kreppunni væri lokið og

niðurskurður og afturhald heyrði nú sögunni til.

„Í dag erum við frjáls. Við munum aldrei gleyma lexíunum sem við höfum lært. Við munum aldrei gleyma því sem við höfum barist fyrir og við munum aldrei gleyma þeim sem komu okkur í þessa stöðu,“ sagði þessi leiðtogi röttæka vinstriflokksins Syriza.

Kreppan og niðurskurðaraðgerðirnar sem fylgdu í kjölfarið höfðu djúpstæð áhrif á líf Grikkja og var tárugas tíður gestur þegar mót-mælendur söfnuðust saman á Syn-tagma-torgi fyrir framan þinghúsið.

Á undanföllum níu árum hefur atvinnuleysi minnkað úr 28 prósentum þegar hæst stóð í 20 nú.

Hagvöxtur var 1,4 prósent í fyrra. Hinn mikli niðurskurður þrýsti fimmtungi þjóðarinnar, samkvæmt BBC, hins vegar niður fyrir fátæktarmörk.

Í viðtali við sama miðil á mánudag sagði Alexis Haritsis aðstoðarefnahagsmálaráðherra að niðurskurðarleiðin hefði reynst röng. Ríkisstjórnin heldur því þó enn fram að hún hafi verið nauðsynleg, ella hefði ekki verið hægt að bjarga bankakerfinu og ríkinu hefði verið hent út af evrusvæðinu. thorgnyr@frettabladid.is



Straumhvörf

Audi A3 e-tron sameinar tvo heima

- ▶ 17" álfelgur ▶ Bakkmyndavél
- ▶ Dökkar rúður ▶ Málm/glitlakk
- ▶ Nálgunarvörn framan og aftan
- ▶ MMI útvarp ▶ Bluetooth símatenging
- ▶ Bluetooth tenging fyrir tónlist
- ▶ Dynamic stefnuljós ▶ LED afturljós
- ▶ Fjarstýrðar samlæsingar
- ▶ Lyklalaust aðgengi
- ▶ Tenging fyrir USB og Iphone
- ▶ Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- ▶ Hæðarstillanleg framsæti
- ▶ Skriðstillir (Cruise control)
- ▶ Ljós- og regnskynjari
- ▶ Skynjari fyrir loftþrýsting í hjólbörðum
- ▶ Baksýnispegill með glyjuvörn
- ▶ Rafdrifnir upphitaðir og aðfellanlegir útspeglar
- ▶ Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- ▶ Leðurklætt aðgerðastýri ▶ Hiti í framsætum
- ▶ ABS bremsukerfi ▶ ESP stöðugleikastýring
- ▶ Árekstrarvörn (pre sense)

Listaverð 4.560.000 kr.

Tilboðsverð 4.090.000 kr.

5 ára ábyrgð

Til afhendingar strax

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is





Way of Life!

ÖFLUGUR SUZUKI S-CROSS

BEINSKIPTUR, SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN

KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN!



Fjór hjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Þú kemst alla leið!
Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

VERÐ FRÁ KR.

▶ **3.990.000**

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.



SUZUKI

FLUTT MED
EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Úlfur, úlfur



Ólöf Skaftadóttir
olo@frettabladid.is

Fundarhöld í Ráðhúsi Reykjavíkur frá kosningunum í vor hafa ekki verið til þess fallin að auka tiltrú almennings á kjörnum fulltrúum. Tilfinningin er sú að öll áhersla sé á leiksyningar og fjölmölauppákomur á kostnað hins efnislega.

Auðvitað er það svo að minnihlutinn á hverjum tíma hefur það mikilvæga hlutverk að veita meirihlutunum aðhald.

Ekki er vanþörf á í Reykjavík. Borgin hefur safnað skuldburðum í mesta tekjugöðæri Íslands-sögunnar. Tekjutuskan hefur verið undin til hins ytrasta. Meirihlutinn hefur skorast undan ábyrgð á sjálfsögðu aðhaldi í borgarrekstrinum og heldur ekki bara útsvari í hæsta lögleyfða marki heldur hefur hækkað tekjustofna með ýmiss konar sjónhverfingum.

Þjónustugjöld Orkuveitunnar eru í hæstu hæðum. Fasteignagjöld hafa hækkað upp úr öllu valdi, heimilum og ekki síður fyrirtækjum til mikils ama. Í Reykjavík er ekki sérstaklega vinveitt umhverfi til fyrirtækjareksturs. Tap er af kjarna-rekstri borgarinnar.

Við þetta má bæta stanslausu hiksti á ýmiss konar þjónustu á vegum borgarinnar. Húsnæðis-skortur er áþreifanlegur, heimilislausum fjólgar og vandræðagangur við mönnum leikskóla er endurtekið efni. Þrífnaði á götum og torgum er ábótavant.

Með þetta í huga ættu tækifæri til óflugs aðhalds af hálfu minnihlutans að vera næg. Það hefur honum hins vegar algerlega mistekist. Stærst andstöðuflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, ákvað af óskiljanlegum ástæðum að ganga til minnihluta-samstarfs við hina flokkana. Ekki er gott að giska á hvernig samstarfið ætti að gagnast flokknum, en utan frá lítur út fyrir að um hávaðabandalag sé að ræða. Fyrir höpnum fara oddvitar Flokks fólksins, Miðflokksins og loks Marta Guðjónsdóttir sem var fyrir neðan miðjan lista Sjálfstæðismanna.

Sú síðastnefnda hefur einkum vakið athygli fyrir furðuleg upphlaup sem í öllum tilvikum snúast um aukaatrði fremur en merg málsins. Störyrði um leka og svipbrigði fremur en efnisatriði mála.

Þessi sífelldu upphlaup og störyrði valda því að allar aðgerðir minnihlutans missa marks. Farsinn yfirtekur sviðið. Málefnaleg gagnrýni á borð við þá að minnihlutinn fái hvorki tíma né rúm til almennilegs undirbúnings fyrir fundi sem snúast um mikla hagsmuni borgaranna eru stimpluð sem einn eitt uppþötið. Úlfur, úlfur og ekki að ástæðulausu.

Á þessu ári hafa Oddvittinn þarf að hafa stjórnmála liði sínu. Blaðskellandi biðukollur eiga ekki að vera í forsvari alvarlegs stjórnmálaafis. Borgin þarf á öflugum og málefnalegum minnihluta að halda.

Halldór



Frá degi til dags

Ullþoli

Séra Svavar Alfreð Jónsson sóknarprestur á Akureyri, kynnti nýrröð „ullþoli“ þegar hann gerði upp stóra ullmálið sem skekið hefur ráðhúsið og samfélagið. Hann bendir á að ull geti verið fyrndið, jafnvel rómantískt, en allt fari það eftir því hvernig ullþolin er innstilltur. „Stóra ullmálið sýnir okkur enn fremur, að skopskyn folks ákvarðast af þeim stjórnmálaflokkum sem það tilheyrir; það sem stuðningsmönnum meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur finnst tröllfyndið upplifa áhængendur minnihlutans sem örgustu móðung.“

Stórpólitískur bilabruni

Bruni átta glæsivagna við Öskju hefur kveikt samsæriskenningar. Fjölmenningsfélarnir voru fljótir að ákveða að innflytjendur, örgugglega múslimar, hefðu kveikt í bilunum og þá væntanlega haldnir einhvers konar Gautaborgarheilkenni. Þessi kenning fær vitaskuld helst vængi á Stjórnmalaspjallinu á Facebook þar sem almennur hljómgrunnur er fyrir örum af þessu tagi. Síðan eru þeir til sem biða í spennubruninni angist eftir „næsta hruni“ en í hugum þeirra er bilabruninn enn einn fyrirboðinn þar sem eitthvað hafi verið um þá á aðdraganda hrunsins mikla 2008 að menn hafi kveikt í myntkörfuköggum sínum til þess að losa um skuldir með tryggingafé. thorarinn@frettabladid.is

Styrking löggæslunnar



Sigríður A. Andersen
dómsmálaráðherra

Lögreglan er ein af grunnstöðum réttarríkisins og getir öryggis þeirra sem hér búa og sækja landið heim. Hún kemur folki til aðstoðar á þeirra erfðustu tímum og tryggir að lögum sé framfylgt. Starf hennar er mikilvægt í þágu okkar allra og það hefur verið áhersla mín frá því ég tók við sem dómsmálaráðherra í janúar 2017 að efla löggæsluna; fjölga lögreglu-mönnum og öðrum sérfræðingum hjá embættunum, standa betur að meðferð kynferðisbrota í réttarvörslu-kerfinu, bæta aðbúnað lögreglunnar, styrkja landa-mæragæslu og tryggja almannaöryggi.

Framlög til löggæslumála voru aukin um milljarð króna á þessu ári og 2019 verða framlögin aukin um rúman milljarð króna til viðbótar.

Á þessu ári hafa embættin getað fjölgað í lögreglu-liðum sínum, einkum með tilliti til bætrar meðferðar kynferðisbrota og vegna fjölgunar ferðamanna. Þá eru ótaldir auknar fjárheimildir til annarra þátta sem lúta að öryggi almennings og sem einskorðast ekki við löggæslu.

Ég hef einnig leitað til lögregluembættanna um land allt til að vinna með okkur í dómsmálaráðuneytinu að því að greina hvernig fjárframlögum ríkisins til löggæslu er best varið á næstu árum með tilliti til álags. Þessi vinna er grundvöllur að löggæsluáætlun sem verið er að leggja lokahönd á og tekið hefur breytingum eftir ábendingar og sjónarmið lögreglunnar. Fjárlögin sem kynnt verða við upphaf þings í september munu taka mið af þessari vinnu.

Verkefni lögreglunnar hafa aukist að undanförunum, meðal annars vegna fjölgunar ferðamanna með tilheyrandi álagi um allt land. Því hefur verið mætt með auknu fjárframlagi en betur má ef duga skal. Það verður áfram kappsmál mitt að renna styrkum stöðum undir löggæsluna í landinu.



Framlög til löggæslumála voru aukin um milljarð króna á þessu ári og 2019 verða framlögin aukin um rúman milljarð til viðbótar.

HITTA OKKUR Á FACEBOOK /REKKJAN

KING KOIL
FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN
GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

40% AFSLÁTTUR
AF KING KOIL RÚMUM

Queen
13.693 kr.
á mánuði*

Stærð Queen (150x209 cm)
AFMELISVERÐ
154.070 kr.
13 693 kr. * hefur með heildarverði
Fullt verð 256.783 kr.

KING KOIL ALPINE PLUSH
Hágæða Amerískt hellsurum með milliálfu firm svæða skiptu þoka gorma kerri, mjúkur toppur og steyptir kenningar, sísmi botni og lötlum.

King
18.816 kr.
á mánuði*

Stærð King (150x209 cm)
AFMELISVERÐ
213.459 kr.
18 816 kr. * hefur með heildarverði
Fullt verð 355.766 kr.

120 ÁR
1898-2018

rekkjan
HEILSURUM

*12 mánaða varntala kreditkortsskipti** Einnig hægt að greiða með Netþing.

Rekkjan Heilsurum | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Bjarni, en hvað með vexti, gengi og aðra kostnaðarþætti?



Ole Anton Bieltved
alþjóðlegur
kaupsýslu-
maður

Bjarni Benediktsson skrifar grein í blaðið 1. ágúst sl., þar sem hann fjallar um það, að World Economic Forum hafi í skýrslu sinni um samkeppnishæfni ríkja skipað Sviss í 1. sæti, og að Svíþjóð og Finnland hafi bæði komizt í efstu 10 sætin.

Svíþjóð var reyndar í 7. sæti og Finnland í því 10. Það má líka nefna, að Noregur var í því 11. og Danmörk í því 12.

Á sama tíma nefnir Bjarni það réttilega, að Íslandi sé aðeins í 28. sæti.

Í þessu sambandi bendir Bjarni á, að launakostnaður á Íslandi sé með því hæsta í OECD. Skin í gegn, að Bjarni vill gera há íslensk laun ábyrg fyrir því, að Ísland er aftarlega á merinni í samkeppnishæfni.

Reyndar fer hann aðeins út í framleiðni líka, án þess að útskýra á nokkurn hátt, hvernig bæta megi hana. Enda er hún oftast afleiðing annarra þátta, en ekki sjálf orsakavaldur.

Um gengi krónunnar segir Bjarni, að „mörgum þyki gengið fullsterkt“. Hvort það er líka hans sköðun, kemur ekki fram. Vexti nefnir Bjarni engu orði eða húsnæðiskostnað. Gjöld og skattar víðast heldur ekki spila stóra rollu í samkeppnisáttum hjá Bjarna.

Nú er Bjarni blessaður fjármálaráðherra landsins, sá sem ætti að vita mest og bezt um þessi mál, og eru þessi einföldu og fátæklegu skrif hans um samkeppnishæfni landsmanna því hvariki gleðileg né gæfuleg. Veit maðurinn ekki betur?

Um launastöðuna er það að segja, að laun eru skv. síðustu alþjóðlegum skýrslum miklu hærri í Sviss, en á Íslandi, eða tæplega 33% hærri.

Meðallan í Sviss 2016 voru 5.943,00 evrur á mánuði, eða um 740.000 kr., í Noregi voru þau 5.605,00 evrur, 700.000 kr., í Danmörku 4.073,00 evrur, 510.000 kr., og í Svíþjóð 3.879,00 evrur, 485.000 kr.

Á Íslandi voru meðallan 4.487,00 evrur, eða 560.000 kr., á mánuði.

Þar sem Sviss og Noregur, sem eru í 1. sæti og 11. sæti samkeppnishæfustu þjóða Evrópu, eru með 53% og 25% hærri laun en Ísland, verður skortur á samkeppnishæfni Íslands vart skýrður með þáum launum.

Jafn undarlegt og það er, virðist fjármálaráðherra og ýmsir aðrir ráðamenn – svo að ekki sé nú talað um höfuðpaurinn óforbetranlega, seðlabankastjóra – vera blindir fyrir því, að það eru vextirnir, ekki launin, sem eru að sliga íslenskan atvinnurekstur og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Beint og óbeint

Beint horfir dæmið svona við: Stýrivextir í Sviss eru -0,75%, í Svíþjóð -0,5%, í evrulöndum 0,0%, í Danmörku 0,05% og í Noregi 0,5%.

Hér á Íslandi eru stýrivextir hins vegar 4,25%. Mörgum sinnum hærri en í þeim löndum, sem samkeppnishæfust eru.

Eins og við sjáum, eru stýrivextir á Íslandi 5% hærri en í Sviss og 4,75% hærri en í Svíþjóð.

Stýrivextir gilda milli seðlabanka og viðskiptabanka. Vextir og vaxtamunur milli viðskiptabanka og almennings eða fyrirtækja eru miklu hærri.

Ganga má út frá því, að vextir viðskiptabanka hér séu að meðaltali 5% hærri en í þeim löndum sem samkeppnishæfust eru.

Hvað þýðir það?

Húskaupandi kaupir íbúð á 60 milljónir. Fær 50 milljónir lánaðar.

Umframvextir hér, miðað við nefnd lönd, 2,5 milljónir á ári. Þessi húskaupandi er að borga 200.000 kr. meira á mánuði í vexti, en Svisslendindur eða Sví gerir fyrir sams konar lán.

Það sama gildir um fyrirtæki. Ef við tökum fyrirtæki, sem er með 100 milljónir í reksturs- og fjárfestingarfjármögnun, meðalfyrirtæki, þarf það að borga 5 milljónum meira í vexti á ári, en keppinautar þeirra í nefndum löndum.

Og hvað með óbeinu vaxtaáhrifin?

Þessir hávextir hér leiða auðvitað til þess, að fjármagn leitar í íslensku krónuna, sem aftur spennir upp og afskræmir gengi hennar, uppþópar

hana, með þeim afleiðingum, að hún er minnst 10-20% of sterk, miðað við efnahagsleg skilyrði og það gengi sem væri ef ekki væru hávextir hér.

Mat undirritaðs er, að hið raunverulega efnahagsvandamál, sem leysa verður fljótt og vel, sé glóruslausir vextir og uppþópað gengi. Leiðrétting þessa myndi hafa í för með sér meiri kjarabætur en nokkurn verkalýðsleiðtoga dreymir í.

Við kæmumst þá eflast líka í hóp 10-12 efstu ríkja í samkeppnishæfni, eins og hin Norðurlöndin.

Að lokum verður að minna á það lífs- og starfsumhverfi, sem ríkið skapar. Í Sviss er söluskattur 7,7%, en virðisaukaskatturinn hér er 24%.



HLUTHAFAFUNDUR REGINS HF. VERÐUR HALDINN 13. SEPTEMBER 2018

Stjórn Regins hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn á skrifstofu Regins, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, fimmtudaginn 13. september 2018 og hefst stundvíslega kl. 8:30.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Tillaga stjórnar um skipan og fyrirkomulag tilnefningarnefndar fyrir fjárgið.

Stjórn Regins hf. leggur til við hluthafafund félagsins að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

„Hluthafafundur Regins hf. þann 13. september 2018 samþykkir að koma á fót tilnefningarnefnd sem starfa skal samkvæmt starfsreglum nefndarinnar sem liggja fyrir sem fylgiskjal með tillögu þessari og skulu skodast sem hluti hennar. Við kjör nefndarmanna tilnefningarnefndar í fyrsta skipti skulu nefndarmenn kosnir á hluthafafundi 13. september 2018 úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér fyrir fundinn, en að öðru leyti skal farið eftir starfsreglum nefndarinnar eftir því sem við getur átt.“

2. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins.

Stjórn Regins leggur til við hluthafafund félagsins að gerðar verði eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins.

Tillaga um nýja 22. gr. samþykktá

Við IV. kafla samþykktá félagsins skal bætast ný grein sem verður 22. gr. og skulu númer greina sem á eftir henni koma breytast í samræmi við það. Hin nýja grein skal vera svohljóðandi:

22. gr.

„Félagið skal hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það meginhlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu á aðalfundi félagsins, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.“

Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu að lágmarki vera þrír og skulu þeir kjörnir til tveggja ára á aðalfundi félagsins. Nefndin skal vera sjálfstæð í stórtum sínum og skulu stjórnarmenn félagsins ekki eiga sæti í nefndinni.

Formaður tilnefningarnefndar skal kjörinn af nefndinni sjálfri á fyrsta fundi eftir skipun.“

Viðbætur við 15. gr. samþykktá

Þær breytingar skulu gerðar á 15. gr. samþykktá félagsins að annars vegar verði bætt inn nýjum tölulíð nr. 9 sem verði svohljóðandi: „Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.“ Númer tölulíða sem á eftir koma skulu taka breytingum til samræmis við þetta.

Hins vegar verði bætt við þann tölulíð sem úr nr. 9 orðunum „og til nefndarmanna tilnefningarnefndar“ á eftir orðinu „stjórnarmanna“.

Ákvæði 15. gr. samþykktá félagsins verður eftir breytinguna svohljóðandi:

„Á aðalfundi skulu tekin til afgreiðslu eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskodanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskodanda.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og til nefndarmanna tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.“

3. Ákvörðun um þóknun tilnefningarnefndar. Stjórn Regins hf. leggur til við hluthafafund félagsins að nefndarlausn fyrir setu í tilnefningarnefnd fram að næsta aðalfundi verði þannig að þóknun formanns tilnefningarnefndar verði 90.000 kr. á mánuði og annarra nefndarmanna 60.000 kr. á mánuði.

4. Kosning tilnefningarnefndar.

Stjórn Regins hf. leggur til að fyrstu nefndarmenn tilnefningarnefndar verði kjörnir með beinni kosningu á hluthafafundinum þann 13. september 2018 úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér fyrir hluthafafundinn.

Um kosningu nefndarmanna við fyrstu skipun fer eftir fyrirbyggjandi drögum að starfsreglum tilnefningarnefndarinnar að því leyti sem við getur átt, þó þannig að við fyrstu skipun verði kosið á milli þeirra framboða sem borist hafa fyrir hluthafafundinn.

Reglur samþykktá um stjórnarkjör gilda eftir því sem getur átt um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sbr. 23. gr. samþykktá félagsins.

5. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsétt. Óskað er eftir að umboð berist Regin fyrir dagsetningu hluthafafundar á reginn@reginn.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúrhafa. Einnig er fundarmanni

heimilt að framvísa umboði við mætingu á hluthafafund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Jafnframt er bent á að fundarmenn þurfa að vera reiðubúnir að sanna á sér deili og því rétt að þeir hafi skilríki meðferðis. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en vika er til hluthafafundarinnar. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykktá félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur

Óskað er eftir framboðum í tilnefningarnefnd sem skal skipuð að minnsta kosti þremur nefndarmönnum sem skulu hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu miðað við störf nefndarinnar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess samkvæmt sömu reglum og gilda um óháði stjórnarmanna, sbr. lið 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Við framangreint mat er lítið heildstætt til beinna og óbeinna tengsla nefndarmanna.

Sérstök athygli er vakin á að óskað er eftir tillögum um framboð skriflega með minnst sjö sólarhringa fyrirvara fyrir hluthafafund, eða fyrir kl. 8:30 fimmtudaginn 6. september 2018. Skulu tilkynningar um framboð berast á netfangið tilnefningarnefnd@reginn.is

Upplýsingar um framþjóðendur til tilnefningarnefndar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir skrifja hann, sbr. 16. gr. samþykktá félagsins.

Gögn vegna fundarins eru aðgengileg á skrifstofu félagsins í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi og á vefsvæði tengt hluthafafundi á heimasíðu félagsins www.reginn.is/fjarfestavefur en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengileg a.m.k. viku fyrir hluthafafund, sbr. 18. gr. samþykktá félagsins. Hluthafafundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 21. ágúst 2018.
Stjórn Regins hf.

Engin bikarþynnka hjá Blikum



Sýnir takkana Hildur Antonsdóttir, miðjumaður Breiðabliks, sækir að Ingibjörgu Valgeirsdóttur, markverði KR, í leik liðanna á Kópavogsvelli í gær. Hildur skoraði fyrra mark Blika í 2-0 sigri. Þeir hafa unnið alla sjö heimaleiki sína í Pepsi-deildinni í sumar. Með sigrinum í gær komst Breiðablik aftur á topp deildarinnar en liðið er með tveggja stiga forskot á Íslandsmeistarara Þórs/KA. Síðustu dagar hafa verið góðir hjá Blikum en á föstudaginn urðu þeir bikarmeistarar í tólfta sinn eftir sigur á Stjörnunni, 1-2, í úrslitaleik. FRÉTTAHLAÐIÐ/EYVÖR

Sigurinn á EM bjargaði fjárhagnum

Íslandsmeistarinn Axel Bóasson hefur átt erfitt uppdráttar á fyrsta tímabilinu sínu á Áskorendamótaröðinni í Evrópu og segir það hafa tekið á andlega. Að hans sögn eru erfiðari vellir engin afsökun. Axel segir að það sé mikið hark að vera atvinnumaður í golfi.

GOLF Axel Bóasson, atvinnukylfingur úr GK sem varð nýlega Íslandsmeistari í höggleik annað árið í röð, segir að fyrsta ár sitt á Áskorendamótaröð Evrópu hafi tekið á, bæði líkamlega og andlega. Axel er staddur á Íslandi þessa dagana að safna kröftum og finþussa nokkra hluti áður en hann heldur aftur út. Hann er á fyrsta ári sínu á Áskorendamótaröðinni, næststerkustu mótaröð Evrópu eftir að hafa öðlast þátttökurétt með því að vera stigahæsti kylfingur ársins á Ecco Nordic mótaröðinni í Skandinavíu.

„Þótt þetta séu auðvitað gríðarlega forrétindi að vera atvinnukylfingur þá er þetta ár búð að taka mikið á mann andlega, mun meira en líkamlega þrátt fyrir talversu ferðalög. Spilamennskan er búin að vera kaflaskipt, einfaldlega ekki nógu góð og fyrir vikið er ég ekki að ná niðurskurðum. Þegar komið er á móttin er ég oft að slá og þúttilla og ekki með mikið sjálfstraust. Þótt þetta séu erfiðari vellir þá er það engin afsökun og auðvitað er smá eftirsjá að hafa ekki nýtt tækifærið betur,“ segir Axel.

Ein góð helgi breytir öllu

Það getur verið afar stutt á milli móta og fá kylfingar þá lítinn tíma til hvíldar.

„Ég fann það á Norður-Írlandi um daginn að ég var gjörsamlega búinn á því. Ég vildi bara komast heim og að gera eitthvað annað en að spila eða æfa golf og þá getur verið erfitt að fara út á æfingasvæði, sérstaklega þar sem þú ert oftast einn að ferðast



Axel Bóasson ásamt Valdisi Þóru Jónsdóttur, Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur og Birgi Leifi Hafþórssyni á verðlaunapalli eftir sigur íslensku sveitarinnar á Evrópumóttinu í liðakeppni atvinnukylfinga fyrir í mánuðinum. NORDICPHOTOS/GETTY

og æfa. Þegar ég lít til baka hefði ég sennilega átt að vera órlítið skynsamari, halda áætlun betur og taka mér oftar hvíld.“

Stutt er eftir af tímabilinu og er hann vongóður um að ná að spila á 2-3 mótum til viðbótar.

„Þú þarft að eiga frábæra fjóra daga til að komast í toppbaráttuna á þessum mótum og ein góð helgi getur breytt öllu. Ég er búinn

að skrá mig í öll mót sem eftir eru og fæ sennilega þátttökurétt á 2-3 mótum. Þá er bara að hitta á þessa góðu helgi og færost upp peningalistann, ég er að veðja á það.“

Axel var í sigurlíði Íslands á EM í liðakeppni atvinnukylfinga ásamt Birgi Leifi Hafþórssyni, Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur og Valdisi Þóru Jónsdóttir ásamt því að taka silfur með Birgi Leifi í karlaflokki.

„Það var virkilega ánægjuleg reynsla og ég verð alltaf stoltur af þessu afreki, það var líka gaman að spila með Birgi sem hefur upplifað þetta allt og hefur reynt mér vel. Hann er með frábært hugarfar, hugsar um hvert mót sem nýtt tækifæri og vann mót í fyrri sem breytti ansi mörgu fyrir hann,“ segir Axel sem sagði að mótið hefði reynt sér ansi vel fjárhagslega.

Þarf að huga vel að fjármálunum Atvinnukylfingar eru sífellt á ferð og flugi og hefur Axel leikið í alls tólf löndum á mótaröðinni.

„Staðan var ekkert beint frábær en eftir EM hef ég ekki sömu áhyggjurnar. Það bjargaði árinu fjárhagslega. Það halda margir að með atvinnumennsku í golfi komi sandur af seðlum en það þarf að huga vel að fjárhagslegu hliðinni. Það er kaldur raunveruleiki atvinnukylfingsins og sennilega ástæðan fyrir því að margir framþerilegir kylfingar hætta að reyna. Þeim tekst ekki að komast fljótleiga inn á stærstu mótaröðirnar en sem betur fer erum við með afar öflugan styrktaraðila í Forskoti sem hefur lyft íslensku golfi á næsta stig. Það eru sífellt fleiri kylfingar að koma frá Íslandi og við erum komin með kylfinga á risamóttin.“

Það lítur allt út fyrir að Axel missi þátttökurétt sinn á Áskorendamótaröðinni en hann er búinn að skrá sig í úrtökumót fyrir Evrópumótaröðina í haust, sterkustu mótaröð í Evrópu.

„Ég er með fimm ára þátttökurétt á Norðurlandamótaröðinni og fer þangað ef ég næ ekki að endurnýja hér. Ég hugsaði þegar ég komst inn á Áskorendamótaröðina að ég myndi gefa þessu 3-5 ár til viðbótar en það fer auðvitað allt eftir fjárhagslegu hliðinni. Ég er allavega búinn að skrá mig á fyrsta stig úrtökumóts fyrir Evrópumótaröðina í haust, ef ég kemst á lokastigið fæ ég annað ár á Áskorendamótaröðinni,“ segir Axel. kristinnpall@frettbladid.is


MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. ágúst 2018

30. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

 Við og Pareto höfum fulla trú á að við klárum útboðið. Þetta snýst bara um kjör.

Skúli stendur keikur

Skúli Mogensen segir ekkert plan b ef skuldaútboðið heppnast ekki. Viðbrögð fjárfesta hafa verið góð og hann hefur fulla trú á að útboðið klárast eftir nokkrar vikur. Útlit er fyrir að þriðji ársfjórðungur verði sá næstbesti í sögu WOW air og að eiginfjárstaðan batni verulega vegna góðrar afkomu á seinni árshelmingi.

»4

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»6
Arnarlax á leið í norsku Kauphöllina

Arnarlax hefur tryggt sér tólf prósentu hlutafjárukningu að virði 2,6 milljarðar íslenskra króna en hún hefur í för með sér að fyrirtækið verði skráð á hlutabréfamarkaði í Noregi innan tveggja ára.

»2
Stoðir selt tæplega helming bréfa sinna í Arion

Stoðir hafa minnkað við sig í Arion banka eftir að bankinn var skráður á markaði í júní. Félagið á nú 0,37 prósentu hlut á meðan Snæból, í eigu hjónanna Finns Reyrs og Steinunnar, hefur nær fjórfaldað hlut sinn.

»8
Neysla og neyslumynstur frá efnahagshruni

„Í utanlandsferðum hefur á síðasta áratug orðið alger sprenging í neyslumynstri Íslendinga og sér ekki fyrir endann á henni enn,“ segir í Matthías Þorvaldsson, viðskiptastjóri hjá Gallup, í aðsendri grein.


Sjónmælingar eru okkar fag

Tímáptanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811
Optical Studio í Leifsstöð, 4250500



Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Það er tómlegt um að litast í verksmiðju Kassagerðarinnar. FRÉTTABLAÐID/STEFAN

Verksmiðjurnar tæmdar og vélbúnaðurinn seldur

Prentsmiðjan Oddi hefur selt allan vélbúnaðinn í verksmiðjum Plastprents og Kassagerðarinnar úr landi. Kaupendur eru prentsmiðjurnar í Bandaríkjunum og Afríku.

Oddi sagði upp 86 starfsmönnum í byrjun árs vegna umfangsmikilla breytinga á rekstrinum. Versnandi samkeppnisstaða þvingaði fyrirtækið til að leggja niður framleiðslu á plast- og bylgjumbúðum en fyrirtækið mun þessi í stað einbeita sér að innflutningi og sölu á þessum vörum.

„Þetta er gríðarlegur vélbúnaður, stærsta vélin uppsett er 300 metrar að lengd,“ segir Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Odda, í samtali við Markaðinn og bætir við að vélnar hafi verið komnar

til ára sinna. „Eins og með bíla er virði eldri vélbúnaðar aldrei nema brotabrot af því sem nýjasta módelið kostar.“

Verksmiðja Kassagerðar Reykjavíkur komst í eigu Odda við samruna fyrirtækjanna haustið 2008 en ekki hefur verið ákveðið hvernig henni verður ráðstafað. Verksmiðja Plastprents er hins vegar á leigusamningi.

Oddi var rekinn með 420 milljóna króna tapi á síðasta ári en Kristján segir að fyrirtækið sé nú á síðustu stikum endurskipulagningarinnar. „Þetta voru erfið en nauðsynleg skref í átt að því að reisa Odda við. Nú einblinum við á styrkleika okkar og byggjum á reynslu og þekkingu starfsmanna í næstu skrefum.“ – **th**

Hagnaður Brims 1,9 milljarðar

Brim, útgerðarfélag bræðranna Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona, hagnaðist um 1.915 milljónir króna í fyrra, samkvæmt nýbirtum ársreikningi, en félagið tapaði 100 milljónum króna árið áður sem skýrist af 2,1 milljarðs króna gjaldfærslu vegna gengisdóms.

Rekstrartekjur útgerðarfélagins námu 19.300 milljónum króna á síðasta ári og jukust um 3,3 prósent frá fyrra ári þegar þær voru 18.671 milljón króna. Kostnaðarverð seldra vara var ríflega 16.988 milljónir króna í fyrra borið saman við 16.413 milljónir króna árið 2016. Var rekstrarhagnaður Brims 2.385 milljónir króna á árinu og jókst um 126 prósent á milli ára.

Eignir útgerðarfélagins námu 60.674 milljónum króna í lok síðasta árs, samkvæmt efnahagsreikningi félagins, en þar af voru afaheimildir



Guðmundur Kristjánsson, aðaleigandi Brims

þess metnar á tæpar 24.817 milljónir króna. Eigdi fé Brims var 24.296 milljónir króna í lok ársins og eignarfjárlutfallið um 40 prósent.

Greiddur var arður að fjárhæð 296 milljónir króna til hluthafa á síðasta ári, að því er segir í ársreikningnum.

Brim keypti 34 prósent hluta í HB Granda í apríl fyrir 21,7 milljarða króna en kaupin voru fjármöggnuð með handbæru fé, lántöku og sölu eigna, að því er segir í ársreikningnum, en félagið seldi meðal annars frystitogarann Brimnes RE-27. – **kj**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5800

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingaeldar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Selt tæplega helming bréfa sinna í Arion

Stoðir hafa minnkað við sig í Arion banka eftir að bankinn var skráður á markað í júní. Félagið á nú 0,37 prósent hlut í bankanum. Snæból, í eigu Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, hefur nær fjórfaldað hlut sinn.

Fjárfestingarfélagið Stoðir, sem er í meirihluta eigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar og Magnúsar Armann í gegnum eignarhaldsfélagið S121, hefur selt tæplega helming af hlutabréfunum sem félagið fékk úthlutað í hlutafjárútbóði Arion banka fyrir um tveimur mánuðum.

Samkvæmt lista yfir alla hluthafa Arion banka mánuðaginn 20. ágúst, sem Markaðurinn hefur séð, áttu Stoðir um 0,37 prósent af heildarútgæfum bréfum bankans en markaðsvirði hlutarins er um 650 milljónir króna miðað við núverandi gengi bréfnanna. Eins og Markaðurinn hefur greitt frá fékk félagið samtals 12 milljónir hluta úthlutaðar í bankanum í útböðinu í júní og varð þannig stærsti íslenski einkafjárfestirinn í hlutafahópnum með 0,6 prósent hlut.

Félagið Snæból, sem er í eigu hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, hefur nær fjórfaldað eignarhlut sinn í Arion banka á þeim tveimur mánuðum sem líonir eru frá skráningu bankans, samkvæmt áður nefndum hluthafalista. Félagið á nú 0,38 prósent hlut í bankanum, að virði um 680 milljónir króna, en það fékk úthlutaðan um 0,1 prósent hlut í útböðinu.

Félagið Sigla, í eigu viðskiptafélaganna Finns Reyrs og Tómasar Kristjánssonar, fer jafnframt með 0,06 prósent hlut í Arion banka en samanlagður eignarhlutur Snæbóls og Siglu er metinn á um 800 milljónir króna.

Eins og Markaðurinn hefur áður upplýst skráðu Stoðir sig fyrir í kringum 100 milljónum hluta í hlutafjárútbóði bankans, eða sem jafngildir um 7,5 milljörðum króna miðað við útböðgengi, en fékk sem fyrr segir aðeins 12 milljónir hluta úthlutaðar í bankanum. Eiga Stoðir, sem eru stærsta fjárfestingarfélag landsins með líölega 18 milljarða króna í eigið fé, nú ríflega 7 milljónir hluta í Arion.



Hlutabréf Arion banka hafa hækkað um 22 prósent frá því í útböðinu í júní. Útböðsgengi var 75 krónur á hlut en nú er gengið 91,2. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

650

milljónir króna er markaðsvirði 0,37 prósent eignarhlutar Stoða í Arion banka.

Gildi bætt litlilega við sig

Samkvæmt hluthafalista Arion banka hefur lífeyrissjóðurinn Gildi bætt við sig 2 milljónum hluta í bankanum frá útbóði bankans og þá hafa lífeyrissjóðirnir Birta og Stapi einnig aukið litlilega við sinn hlut. Átta af stærstu lífeyrissjóðum landsins var úthlutað ríflega 3 prósent hlut í útböðinu.

Þá hafa sjóðir í stýringu Íslands-sjóða minnkað aðeins við sig í Arion banka undanfarið en sjóðirnir eiga nú 0,43 prósent hlut borið saman við 0,7 prósent hlut í kjölfar útböðsins um miðjan júní síðastliðinn. Sjóðirnir fóru fyrst inn í hlutafahóp bankans í febrúar en juku við hlut sinn í útböðinu.

Breski vögunarsjóðurinn Attestor Capital hefur jafnframt haldið áfram að minnka við eignarhlut sinn í Arion banka. Sjóðurinn fer nú með 8,67 prósent hlut og hefur þannig selt hátt í 0,8 prósent af hlutafé bankans eftir að bankinn var skráður á hlutabréfamarkað. Fyrir skráningu átti vögunarsjóðurinn 12,44 prósent hlut.

Gengið hækkað um 22 prósent

Við lokun markaða í gær nam hlutabréfaverð Arion banka 91,2 krónum á hlut og var um 22 prósentum hærra en í útbóði bankans í júní þegar Kaupþing og Attestor seldu um 29 prósent hlut á genginu 75 fyrir samtals um 39 milljarða króna.

Kaupendur að bréfnum voru að stærstum hluta erlendir fjárfestingarsjóðir á meðan íslenskir fjárfestar – almenningur, fagfjárfestar og lífeyrissjóðir – fengu aðeins að kaupa samanlagt um 9 prósent hlut.

Nokkurrar óánægju gætti á meðal innlendra fjárfesta með þá aðferðafræði sem var beitt við skerðingar í útbóði bankans, þar sem eftirspurnin reyndist margföld, en þeir fengu almennt aðeins á bilinu 10 til 30 prósent af þeim hlut sem þeir höfðu óskað eftir að kaupa. Voru ýmis dæmi um einkafjárfesta sem fengu ekki nein bréf úthlutað í bankanum þótt þeir hefðu skráð sig fyrir háum fjárhæðum.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, viðurkenndi í viðtali við Markaðinn í síðasta mánuði að bankinn hefði viljað að Kaupþing, seljandi bréfnanna, hefði úthlutað stærri hlut til íslenskra fjárfesta. Ákvörðun um að gera það ekki hefði „truflað viðskiptasamband bankans eitthvað“ og væri „neikvæður vinkill á annars mjög vel heppnuðu útbóði“.

horður@frettabladid.is
kristningi@frettabladid.is

Fá að nota vörumerki Icelandic til næstu sjö ára

Stjórnendur High Liner Foods, stærsta sjávarútvegsfélags í Norður-Ameríku, hafa endurnýjað samning við vörumerkjafélagið Icelandic Trademark Holding um nýtingarrétt á vörumerkinu „Icelandic Seafood“ til næstu sjö ára. Íslenska ríkið, sem fékk fyrr á árinu afhenta alla hluti í vörumerkjafélaginu, mun fá í sinn hlut þóknangreiðslur upp á tugi milljóna króna á ári á grundvelli samningsins.

Sara Lind Þróðardóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding, segir það vilja beggja félaga að storeflla útlutning á íslenskum sjávarafurðum. „Samningurinn miðar að því að auka sölu á íslenskum sjávarafurðum undir vörumerkinu í Bandaríkjunum og Kanada.

High Liner Foods hefur tekið miklum breytingum síðan starfsemi Icelandic í Bandaríkjunum var seld til félagins árið 2011 og margfaldað ástærð. Í samstarfi okkar felast

því góð tækifæri fyrir íslenska framleiðendur til þess að koma vörum sínum á framfæri.“

Sara Lind tekur einnig fram að samkvæmt samningnum verði aðeins seldar vörur af íslenskum uppruna undir vörumerkinu.

Samningar tókust í apríl síðastliðnum en norður-ameríska félagið hefur frá árinu 2011 átt nýtingarrétt á vörumerkinu í Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó. Samkvæmt nýja samningnum mun High Liner Foods greiða íslenska ríkinu, sem eignaða Icelandic Trademark Holding, þóknun upp á 1,5 prósent af heildsöluverðmætum þeirra

afurða sem seldar verða undir vörumerkinu „Icelandic Seafood“ í Bandaríkjunum og Kanada.

Nema þóknangreiðslurnar að lágmarki tugum milljóna króna á ári, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, en til viðbótar skuldbindur norðurameríska félagið sig til þess inna af hendi lágmarksgræiðslu til ríkisins, óháð sölu sjávarafurða.

Icelandic Trademark Holding, sem var áður í eigu Framtakssjóðs Íslands, var stofnað til þess að halda utan um markaðssetningu vörumerkisins ásamt þjófnustu við leyfshafa. – **kj**

Sara Lind Þróðardóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart



gefst ekki upp

AUKUM ÞÁTTTÖKU - EFLUM SAMFÉLAGIÐ

Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar.

Það er mikilvægt að við sem samfélag tökum vel utan um þessa einstaklinga og hjálpum þeim að fóta sig aftur á vinnumarkaði. Framlag allra skiptir máli, bæði fyrir samfélagið og einstaklinginn sjálfan. Við hvetjum atvinnurekendur til að skoða ráðningar með opnum huga og nýta sér slíka starfskrafta þar sem það hentar.

Allir geta fundið sína fjöl.

verumvirk.is



Höfum fulla trú á að við klárum útboðið

Skúli segir ekkert plan b ef skuldaútboðið heppnast ekki. Viðbrögð fjárfesta hafa verið góð og hann hefur fulla trú á að útboðið klárast eftir nokkrar vikur. Útlit fyrir að þriðji fjórðungur verði sá næstbesti í sögu WOW air og eigið fé hækki verulega vegna góðrar afkomu.

Hörður
Egisson
hordur@frettabladid.is



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, segir að ekki þurfi að auka hlutfélagssins til að bæta eiginfjárstöðuna áður en ráðist verður í fyrirhugað skuldafréfaútboð upp á jafnvirði 6 til 12 milljarða króna. Eiginfjárlutfall flugfélagsins, sem var aðeins 4,8 prósent í lok júní, muni batna verulega á seinni helmingi ársins en útlit sé fyrir að rekstrarhagnaður (EBIT) WOW air verði þá um 26 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um þrjú milljarða króna, og aukist um 159 prósent frá sama tíma fyrir ári.

Skúli, ásamt ráðgjöfum norska verðbréfafyrirtækisins Pareto Securities sem mun hafa umsjón með skuldafréfaútboðinu, hefur undanfarna daga átt fundi með fjárfestum í Norður-Evrópu í tengslum við skuldafréfaútgáfuna. Áætlað er að stærð útboðsins verði á bilinu 500 til 1.000 milljónir sænskra króna en útgáfan er hugsuð sem brúarfjarmagnun fram að áformuðu frumútbóti WOW air innan 18 mánaða.

Í viðtali við Markaðinn segir Skúli, sem er jafnframt eini hluthafi félagsins, að undirbúningur að þessari fjárfestun fram að áformuðu frumútbóti WOW air innan 18 mánaða.

„Hver hafa viðbrögð fjárfesta verið á þessum fundum og er komin skýr mynd á hversu mikið fjármagn félagið getur sótt sér og á hvaða kjörum?“

„Viðbrögðin hafa verið mjög góð og margir fagfjórðungar í raun hessa á að sjá hvað félagið er orðið stórt á skömmum tíma og það þýkt fullkomlega eðlilegt að slíkur viðtali kallí á miklar fjárfestingar og ekki hægt að ætlast til að félög skili hagnaði á meðan slíkt vaxtarkeið stendur yfir. Það er einnig ánægjulegt að sjá að reyndir fjárfestar í flugheiminum skilja að við erum að nálgast markaðinn ódrúvisi þar sem við leggjum mun meiri áherslu á tæknilausnir og hliðartekjur heldur en áður hefur þekkt. Menn staldra við þegar þeir sjá að við erum með hæstu hliðartekjur í heimi á hvern farþega og að við séum að nálgast Icelandair í farþega fjöldi. Það bjóst enginn við því yfir örfaum árum. Við vorum að hefja formlegt fjárfestingarkynningarferli og það er eðlilegt að það muni taka nokkrar vikur að klára endanlega stærð og kjör en ég er mjög ánægður með þann mikla áhuga sem við höfum fengið það sem komið er.“

„Ef ekkert verður af skuldafréfaútboðinu, hvert er þá plan b? Hafa verið oformlegar viðræður við önnur flugfélög um að þau kaupí hlutfélag WOW, að hluta eða öllu leyti?“

„Við og Pareto höfum fulla trú á að við klárum útboðið. Þetta snýst í raun bara um kjör og því voru þau viljandi höfð opin í kynningunni. Núna erum við búin að tala við tugi fjárfesta og höfum fengið mjög góð viðbrögð en jafnframt góðar ábendingar og munum nota það til að klára næstu skref. Það má því segja að plan b og c snúist um stærð og álagningu frekar en hvort við klárum fjárfestunina eða ekki. Það hafa ýmsir aðilar sýnt WOW air áhuga í gegnum tíðina en ég hef ekki viljað selja félagið enda tel ég okkur eiga mikið inni enn þá og við höfum gaman af því sem við erum að gera.“

Ekki haft áhrif á miðasölu

Samkvæmt skilmálum útboðsins þarf eigið fé WOW air að nema að lágmarki 25 milljónum dala eftir



Skúli Mogensen segir fréttir síðustu daga af fjárhagsstöðu félagsins ekki hafa haft áhrif á miðasölu. FRET TABLADID/ANTON

●● Það má segja að plan b og c snúist um stærð og álagningu frekar en hvort við klárum fjárfestunina eða ekki.

útgáfu skuldafréfsins en um mitt þetta ári var það rúmlega 20 milljónir dala. Spurður hvort félagið sé af þessum sökum ekki að vinna að því samhliða skuldafréfaútboðinu að sækja sér einnig auknið hlutfé til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins segir Skúli að gert sé ráð fyrir að WOW air skili hagnaði á seinni hluta ársins og eigið fé verði því „umtalsvert betra“ en 25 milljónir dala.

„Núna er þriðji ársfjórðungur hálfnaður sem er sögulega alltaf besti fjórðungur ársins og við sjáum það nú þegar miðað við afkomuna í júlí og bókunarstöðuna í ágúst og september að þriðji fjórðungur á þessu ári verður næstbesti ársfjórðungur í sögu félagsins og því teljum við afkomuspána fyrir seinni hluta ársins í takt við væntingar okkar.“

Rekstrarumhverfi íslensku flugfélaganna hefur versnað til muna að undanföllum, einkum vegna mikillar samkeppni og hækkanði olíuverðis, en WOW air er ekki með neinar varnir gagnvart sveiflum í olíuverði. Rekstrartap á tímabilinu júlí 2017 til júní 2018 nam 45 milljónum dala en tapíð var um 15 milljónir dala allt árið í fyrra. Samkvæmt áætlunum WOW air, sem upplýst er um í fjárfestakynningu Pareto, er hins vegar gert ráð fyrir verulegum viðsnúningi á næstu mánuðum og misserum. Þannig er meðal annars ráðgert að hagnaður fyrir leigugreiðslur, afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDAR) verði 142 milljónir dala á árinu 2019 borið saman við spá upp á 63 milljónir dala á þessu ári.

Bygga þessar áætlanir einkum á breyttum ytri aðstæðum, það er að olíuverð fari lakkandi og meðalfar-

„Mjög mismunandi fyrirtæki“

Skúli segir mjög mikilvægt, þegar rætt er um Icelandair og WOW air, að „átta sig á því“ að flugfélagin séu í eðli sínu „mjög mismunandi fyrirtæki“ með mismunandi viðskiptamódel.

„Það sést mjög vel þegar borinn er saman undirliggjandi kostnaður fyrirtækjanna á hvern floginn kílómetra en við erum með hátt í helmingi lægri kostnað en Icelandair sem gerir okkur kleift að selja mun ódrýrari fargjöld. Jafnframt er meðalaldur okkar flugvéla aðeins þrjú ár á meðan meðalaldur flugvéla Icelandair er um 20 ár þannig að það er eðlilegt að þeir hafi þegar afskrifað sinn flota að fullu á meðan við eigum enn um átta ár eftir af okkar leigusamningum.“

WOW air er að vaxa ört og fjárfesta mikið í uppbyggingu innviða félagsins en á sama tíma hefur farþega fjöldi Icelandair verið að dragast saman líkt og kom fram í júlí-farþegaútlunum en farþegum WOW air fjölgaði um 29 prósent á meðan þeim fækkaði um 5 prósent hjá Icelandair milli ára. Þá er Icelandair með innanlandsstarfsemi, hótellektur og aðra ferðatengda þjónustu á sínum ársreikningi sem WOW air hefur ekki. Ég held að bæði fyrirtækin eigi rétt á sér og ég óska vinnu mínum í Vatnsmyrinni alls hins besta í framtíðinni.“

Spáir miktum viðsnúningi í milljónum dala

	2H 2017	2H 2018	Ársbreyting
Heildartekjur	289	390	35%
Heildarrekstrarkostnaður	236	319	35%
EBITDAR	53	72	35%
EBITDA	19	37	96%
EBIT	10	26	159%

gjöld muni hækka frá því sem nú er?

„Já, um er að ræða verulega bætingu en það er byggt á aðgerðum og fjárfestingum sem þegar hefur verið ráðist í eins og með hliðartekju-aukninguna og Premium-sætin. Þessi aukning er þegar orðin ljós í júlí og í bókunum núna á næstu mánuðum. Við erum því ekki að spá hækkanði grunnfargjaldi og lækkandi olíuverði. Þvert á móti vinnum við alla daga að því markmiði okkar að lækka fargjöld og ætlum að halda því áfram.“

Spurður hvornig á því stöð að fjárfestakynningu Pareto var lekið í síðustu viku, meðal annars til fjölmiðla og markaðsaðila, og hvort fréttir í kjölfarið af fjárhagsstöðu félagsins hafi ekki haft áhrif á miðasölu bendir Skúli á að Pareto hafi sent kynninguna á um 70 fjárfesta úti um alla Norður-Evrópu og því erfitt að stjórna því hvornig hún dreifðist í framhaldinu.

„Í sjálfu sér kom það ekki á óvart í ljósi þess að félagið hefur verið

WOW fer einmitt afhentar fjórar nýjar breiðþotur á næstunni. Hefur félagið not fyrir þær allar að óbreyttu?

„Við fáum tvær Airbus A330neo seinna á þessu ári sem munu nýttast í Inlandsflugíð sem er mjög spennandi og hefur farið vel af stað. Við vorum að ráða frábæra konu sem framkvæmdastjóra okkar á Indlandi og það er gaman að segja frá því að bókunarstaðan á fyrri hluta næsta árs er best á Deli af öllum okkar áfangastöðum. Síðan fáum við aðrar tvær Airbus A330neo á næsta ári og miðað við þær móttökur sem við höfum fengið verða þær einnig notaðar í frekari Asíu-uppbyggingu enda er gríðarlegur vöxtur í alþjóðlegu flugi frá Asíu og til Íslandi landfræðilegir kjörstöðu til að tengja saman Asíu og Norður-Ameríku en einnig Evrópu.“

WOW air hefur vaxið gríðarlega á undanföllum árum. Áætlaður farþega fjöldi þessa árs er 3,2 milljónir, tekjur um 659 milljónir dala og þá starfa samtals um 1.400 manns hjá félaginu.

Miðað við stærð flugfélagsins er ljóst að eiginfjárlutfall þess, sem var tæplega 5 prósent í júní, er afar lágt á sama tíma og framtíðarskuldbindingar eru umtalsverðar. Hvernig ætlid þið að bregðast við því?

„Eins og fyrr segir er útlit fyrir að afkoman á seinni hluta ársins verði mjög góð og að við munum skila góðri afkomu allt árið 2019. Hins vegar er það rétt að til langs tíma væri æskilegt að efla eiginfjárstöðu félagsins og því erum við núna að hefja undirbúningur að skráningu WOW air á hlutabréfamarkað á næstu 18-24 mánuðum. Skuldafréfaútboðið er liður í þeirri vegferð og mun bæta lausafjárstöðu félagsins og tryggja áframhaldandi vöxt okkar fram að útboði sem er mjög mikilvægt.“

Þess má einnig geta að það virðist ríka misskilningur um flugflota WOW air og að velarnar séu allar á leigu. Hið rétta er að við erum með fjórar af 20 flugvéllum á langtíma kaupleigusamningum og munum við eiga þær flugvélar skuldlausar eftir um átta ár. Eigið fé okkar í viðkomandi flugvéllum eykst því jafnt og þétt á næstu árum. Í dag eru þessar fjórar flugvélar langstærstu langtíma skuldbindingarnar á efnahagsreikningi okkar, eða um 139 milljónir dala, en á móti erum við með velarnar undir stafafjarmunum í efnahagsreikningi félagsins sem nema 209 milljónum dala í hálfárs-uppjöfri félagsins.“

Gott að hægist á vextinum

Ríkisstjórnin setti á fót samráðshóp í vor til að meta stöðu kerfislega mikilvægra fyrirtækja, meðal annars flugfélaganna, og hvaða áhrif það hefði ef þau myndu ríða til falls en gert er ráð fyrir að hópurinn skili af sér skýrslu í næsta mánuði. Skúli segir „eðlilegt að stjórnmál fylgilt vel með gangi mála sé ferðajónustan orðin langstærsta greinin í íslensku atvinnulífi.“

Spurður um framtíðarhorfur í ferðajónustu, núna þegar margir telja að blíkur séu á lofti, svarar Skúli því til að hann telji framtíðarhorfur vera góðar og að greinin „í heild sinni hafi gott að því að nú sé að hægja á vextinum. Það gefur okkur tíma til að draga andann og bæta innviðina sem er mjög aðkallandi en einnig að gera ferðajónustuna fjölbreyttari en hún er í dag. Ísland er gríðarlega stórt land og við getum dreift álagningu mun betur um landið svo og búið til sérhæfðari og markvissari ferðir sem geta verið mun arðbærari til lengdar.“

Átta ári á skuldlausar vélar

Á fyrri árshelmingi var eignaferð viðskiptavild upp á 18,4 milljónir dala í efnahagsreikningi WOW air og styrktist eiginfjárstaðan samhljótt sem því nemur. Skúli segir að þetta skýrist aðallega vegna kaupna á Cargo Express „sem er félag sem hefur gengið mjög vel og skilaði 235 milljónum í hagnað á síðasta ári og við teljum geta nýst enn betur í framtíðinni, sérstaklega með tilkomu fleiri stærri breiðþota sem hafa mun meira cargo-pláss.“

HB HÚSGAGNABANKINN

RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is



CARRERA hægingastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð kr. 76.000



RUBELLI hægingastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð kr. 74.000



RUBELLI hægingastóll
Í sterku áklæði
Tilboð kr. 49.000



BRONSON rafknúinn hægingastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð kr. 119.000



CARRERA rafknúinn lyftistöll
Alklæddur ekta leðri 2 mótórar
Tilboð kr. 129.000



Skenkur 114
Tilboð kr. 76.000



Vínskápur 112
Tilboð kr. 76.000



Skenkur 120
Tilboð kr. 75.000



Skenkur 145
Tilboð kr. 104.000



Sófaborð 110
Tilboð kr. 55.000



Sjónvarpsskápur 135
Tilboð kr. 68.000



Sjónvarpsskápur 122
Tilboð kr. 75.000



Sjónvarpsskápur 150
Tilboð kr. 94.000



Sjónvarpsskápur 180
Tilboð kr. 89.000



Sjónvarpsskápur 150
Tilboð kr. 97.000



BOW FRONTED
Tilboð kr. 173.000



FRENCH CURIO
Tilboð kr. 73.000



Hornskápur 76
Tilboð kr. 66.000



CHIPPENDALE
Tilboð kr. 127.000



VANESSA
Tilboð kr. 174.000



CHIPPENDALE
Tilboð kr. 199.000



Borðstofuborð
160 x 110 sm 50 sm stækkun
Tilboð kr. 132.000



Borðstofustóll
Tilboð kr. 27.000



Borðstofustóll
Tilboð kr. 26.000



CRIPPS tungusófi
Í hágæða belgísku áklæði
Tilboð kr. 179.000



BRONSON rafknúinn hægingasófi
Alklæddur ekta leðri
Tilboð kr. 214.000



CLASSICO alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 270.000



GEORGE í hágæða belgísku áklæði
Tilboð kr. 269.000



BENTLEY alklætt hágæða leðri
Tilboð kr. 395.000



BENNETT 3 + 2,5 sæta
Alklæddir ekta leðri
Tilboð kr. 254.000

Opið 13 - 18 virka daga

www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030



Kjartan Ólafsson segir útlit fyrir að tvö af stærstu laxeldislöndunum nálágst framleiðslupak innan skamms. Ísland sé þannig í góðri stöðu til að gripa tækifærin í laxeldi á næstu árum. FRETTLADLIDJ/STEFÁN

Arnarlax á leið í norsku kauphöllina

Arnarlax hefur tryggt sér tólf prósent hlutfjárukningu að virði 2,6 milljarðar íslenskra króna en hún hefur í för með sér að fyrirtækið verði skráð á hlutabréfamarkað í Noregi innan tveggja ára. Kjartan Ólafsson stjórnarformaður segir mikil vaxtartækifæri fyrir hendi.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tth@frettladlidj.is



Laxeldisfyrirtækið Arnarlax er vel í stakk búið fyrir uppbyggingu atvinnugreinarinnar á Íslandi. Eftir að hafa margfaldað efnahagsreikning sinn og lokið við 2,6 milljarða króna hlutfjárukningu í sumar stefnir fyrirtækið á skráningu á norska hlutabréfamarkaðinn innan tveggja ára. Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax, segir að íslensk laxeldisfyrirtæki geti með tímanum orðið stærri en útgerðirnar.

„Undirbúningstímabilinu er að mestu leyti lokið og nú hefst uppbygging atvinnugreinarinnar,“ segir Kjartan í samtali við Markaðinn. „Fyrsta heila rekstrarárið okkar var í fyrra og önnur laxeldisfyrirtæki byrja að slátra í lok árs þannig að beinu áhrifin af fjárfestingu í greininni koma fram á næsta ári.“

Arnarlax var stofnað árið 2009 af feðgunum Matthíasi Garðarssyni og Kristian Matthíassyni ásamt hópi Bilddælinga. Kjartan var kjörinn stjórnarformaður félagsins árið 2013 en fyrirtækið réðst í fyrstu hlutfjárukninguna 2014 að virði 640 milljónir króna á gengi dagsins í dag. „Þá fengum við inn breiðan hóp af fjárfestum og sama ár settum við fyrstu laxana í sjó,“ segir Kjartan.

Norski laxeldisrisinn Salmur fjárfesti síðar í Arnarlaxi gegnum Salmus AS og jók við sinn hlut árið 2015 til þess að fjármagna kaupin á Fjarðarlaxi. „Fyrirtækið margfaldaðist í umfangi við kaupin á Fjarðarlaxi. Heildareignir fyrirtækisins fóru úr 20 milljónum evra í 110 milljónir og fjöldi starfsmanna

úr 20 í 120. Við litum á þessi kaup sem mikið heillaskref og innkomu Salmur í hluthafahópinn fylgdi mikil þekking og reynsla, bæði á seðastigi og í sjóeldinu. Þeir hafa náð góðum árangri með sínu eldi norðarlega í Noregi og hugmyndin var að nýta þá þekkingu við íslenskar aðstæður. Þetta hljómar kannski einfalt en er í framkvæmd heimikil áskoran.“

Tólf prósent hlutfjárukning

Kjartan greinir Markaðinum frá því að Arnarlax hafi nýlengið við 2,6 milljarða króna hlutfjárukningu sem mun renna stöðum undir frekari uppbyggingu fyrirtækisins. Hlutfé var aukid um tólf prósent en hluthafar Arnarlax lögðu fram rúmlega 60 prósent á móti 40 prósentum frá tveimur nýjum fjárfestum, norskum og sænskum. „Fjármagninu verður ráðstafað í uppbyggingu á lifmassa, seðastöð og vinnslu. Þetta er fjármagnsfrekrur rekstur og hann krefst sterks efnahags,“ segir Kjartan. Hann segir að hluthafasamkomulagið sé þannig að á næsta ári sé stefnt að skráningu Arnarlax á markaðstorg í Noregi sem er sambærilegt First North í Kauphöllinni á Íslandi. „Eftir það er stefnt að skráningu á norska hlutabréfamarkaðinn innan árs. Það er framtíðarsýnin.“

Greint var frá árs hlutauppgjöri Salmur í vor en þar kom fram að Arnarlax hefði tapað 810 milljónum á fyrsta fjórðungi ársins, samanborið við 514 milljónir á síðasta ári. Þá var EBIT-rekstrarhagnaður félagsins neikvæður um 514 milljónir króna en hann var jákvæður um 450 milljónir á sama tímabili 2017. Kjartan segir að mikilvægt sé að skilja greinina og uppgjörsaðferðir skráðra fiskeldisfyrirtækja þar sem sveiflur í afkomu megi rekja til laxaverðs og bókhalds-

Fyrsta heila rekstrarárið kröftugt

Tekjur Arnarlax á árinu 2017 námu í heildina 67 milljónum evra, eða sem nemur 8,3 milljörðum króna. Þetta var fyrsta heila rekstrarár fyrirtækisins frá stofnun og nam tekjувóxturinn á milli ára hátt í 150 prósent. Að sama skapi hækkaði kostnaðarverð seldra vara úr 2,9 milljörðum króna upp í um 6,3 milljarða og þannig nam brúttó ágóði Arnarlax tveimur milljörðum króna á árinu. Þá var EBITDA félagsins 1,3 milljarðar króna í samanburði við rúmar

hundrað milljónir á árinu 2016. Eins var mikil breyting á EBIT-rekstrarhagnaði á milli ára en hann snerist úr því að vera neikvæður um 300 milljónir króna árið 2016 í það að vera jákvæður um rúmar 500 milljónir á síðasta ári. Heildartap ársins nam 70 milljónum króna sem er minna tap en árið 2016 þegar það nam um tæplega 80 milljónum króna. Eignir Arnarlax námu 13,7 milljörðum evra í árslok 2017 og eigið fé tæpum 6,7 milljörðum.

aðferða. „Salmur er skráð í norsku Kauphöllina í Ósló og gert upp með svokallaðri „fair-value“-aðferð en þá er allur lifmassinn metinn á markaðsverði. Þegar verðið hækkar geturðu fengið út himinháan hagnað en stórtap þegar það lækkar. Við erum enn ekki skráð fyrirtæki og gerum lifmassann upp á kostnaðarverði en reikningar Arnarlax eru gerðir upp í evrum samkvæmt íslenskum ársreikningalögum.“

Árstíðasveiflur stýra væntingum

Framboð á eldislaxi jókst um ríflega helming á árunum 2008 til 2017. Atvinnugreinin hefur þó búið við miklar sveiflur. Heimsframleiðslan jókst til að mynda um 22 prósent á árinu 2012 og dróst saman um sjö prósent árið 2016. Greinendur spá því að framleiðsluaukningin leiti nú í jafnvægi og verði um fimm prósent á næstu tveimur árum.

„Það er útlit fyrir að tvö af stærstu laxeldislöndunum, Noregur og Síle, nálágst framleiðslupak á næstu árum. Vaxtartækifærin í fiskeldi hér á landi eru því umtalsverð, sérstak-

lega í samanburði við hefðbundinn sjávarútveg. Heimsaflinn stendur í stað og nú er svo komið að fiskeldið framleiðir stærri hluta framboðs á sjávarafurðum. Þannig stöndum við í raun frammi fyrir hafi tækifæra með aukinni þekkingu á rektun matvæla í sjónum,“ segir Kjartan. „Iðnbýltingin kom til Íslands mörgum áratugum á eftir Evrópu og eins er fiskeldið á Íslandi áratugum á eftir nágrönnum okkar við Norður-Atlantshafið; Norðmönnum, Skotum, Færeyingum, Kanadamönnum. Því fylgja bæði áskoranir og tækifæri til að tileinka okkur það sem vel er gert og forðast mistök.“

Þá eru framboðssveiflurnar einnig árstíðabundnar og verðið dansar í takt. Laxaverð lækkaði um nærri 35 prósent í sumar, vegna aukinnar slátrunar á eldislaxi í Noregi sem flutti út 16 prósent meira af laxi en á sama tímabili í fyrra. „Markaðurinn hegðar sér iðulega þannig að þegar liður að lokum sumarsins eykst slátrun sem veldur umframframboði. Eftirspurnin tekur síðan við sér þegar nær dregur hátíðunum.

Þessar árstíðabundnu sveiflur stýra væntingum okkar til skemmi tíma.“

Einblína á framleiðslukostnað

Arnarlax getur varið sig fyrir verðsveiflum með tvenns konar hætti, annars vegar með langtímaafþendingarsamningum og hins vegar framvirkum samningum. „Arnarlax hefur verið ágætlega varinn fyrir sveiflum með langtímasamningum en við einblinum þó umfram allt á að ná framleiðslukostnaðinum niður fyrir 40 norskar krónur á kíló sem er meðalkostnaðarverði í greininni þannig að fyrirtækið sé samkeppnishæft. Aherslur okkar eru því alfaríð á rekstur félagsins þessi misserin til að tryggja samkeppnishæfni. Öðruvísi getum við ekki byggt þessa grein upp á Íslandi. Það er ekki í boði að sitja og bíða eftir betri markaðsaðstæðum.“

„Ef þú hringir í fyrirtæki til þess að sinna erindum eru verulegar líkur á því að starfsfólk Halló svari þér,“ segir Andri og bætir við: „Og ég fullyrði að viðskiptavinir Halló spara tugi þúsunda í hverjum mánuði með því að útvista símsvörun, ýmist í beinhörðum peningum eða næði og hugarró.“ Andri segir að fyrirtæki og stofnanir velji að útvista símsvörun af ólíkum ástæðum. Minni fyrirtæki eru ekki með sérstakt starfsfólk til þess að sinna þessum störfum og velja þjónustu Halló til þess að starfsfólk geti einbeitt sér að öðrum og aðkallandi verkefnum. Stærri fyrirtæki nota þjónustuna aftur á móti oft til þess að jafna álagstoppa.

Þjónusta Halló er í raun tvíþætt, annars vegar veitir fyrirtækið almenna skiptiborðþjónustu þar sem símtölum er svarað, síminn sendur áfram eða skilaboð tekin. Hins vegar getur Halló sinnt verkefnum þjónustuborðs fyrir viðskiptavinum sína. „Þá tókum við á móti símtölum, veitum ýmsar upplýsingar, seljum miða, tókum niður pantanir, aðstoðum viðskiptavinum við kaup í netverslunum eða sinnum öðrum erindum. Í þessum tilfellum vinnur starfsfólk okkar oftast með gagnagrunna og upplýsingakerfi viðskiptavinarinnar.“

Yngra fólk velur netspjall og skilaboð

Á síðustu árum hefur þjónusta



Halló er hluti af Miðlun og hér tekur starfsfólk Miðlunar á móti viðurkenningu frá VR. MYND/VR

Þetta er ánægjuleg starfsgrein vegna þess að á hverjum degi höfum við tækifæri til að búa til ánægða viðskiptavini fyrir okkar viðskiptavinum.

Andri Árnason

Halló tekið miklum breytingum og þá sökum þess að samskiptaleiðum hefur fjölgað. „Stærstur hluti almennings velur að nota símann í samskiptum við fyrirtæki en í vaxandi mæli velur fólk, og þá sérstaklega yngra fólk, að nota nýja miðla eins og netspjall og textaskilaboð í gegnum samfélagsmiðla. Þessum miðlum þurfum við líka að geta svarað fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Andri. „Við sjáum að á hverju ári fjölgar þeim sem velja rafræna miðla til þess að eiga í samskiptum

við fyrirtæki og við viljum helst sjá um öll samskipti einstaklinga við fyrirtækin sem við þjónum. Þannig verður til ein samfelld og fagleg áferð á samskiptunum og stjórnendur geta haft yfirsýn yfir hvernig þessi samskipti þróast.“

Sáraeinfalt er að útvista símsvörun, Halló úthlutar viðskiptavinum sínum símanúmeri sem símtölum er beint í og útbúinn er einfaldur gagnagrunnur með helstu upplýsingum um fyrirtækið. „Svo byrjum við að svara og smátt

og smátt byggist upp þekking og samband sem oft endist áratugum saman. Þetta er sérlega ánægjuleg starfsgrein og á hverjum degi faum við tækifæri til þess að gera viðskiptavinum viðskiptavinum okkar ánægða með því að svara í símann, svara netspjalli, tölvupóstum og skilaboðum.“



Fyrirtæki þurfa vandaða símaþjónustu

Halló gerir reglulega könnun á samskiptum almennings við fyrirtæki í samvinnu við rannsóknarfyrirtækið MMR. Spurt er „Hvaða leið notar þú oftast þegar þú þarft að hafa samband við fyrirtæki á Íslandi?“ Niðurstöður síðustu könnunar (febrúar 2018) gefa tilefni til eftirfarandi ályktana:

1. Síminn er mikilvægastur

Öll fyrirtæki þurfa að leggja áherslu á vandaða símaþjónustu – 56% einstaklinga nota helst símann þegar þeir þurfa að hafa samband við fyrirtæki. Það er alveg sama hvort um er að ræða ráðgjafa sem fær fimm símtöl í mánuði eða fjármálastofnun með fimmtán þúsund símtöl í mánuði.

2. Nýju miðlarnir eru mikilvægir

Netspjall og skilaboð (Messenger) eru mikilvægir miðlar, 17% einstaklinga á aldrinum 18–29 ára velja þá miðla helst til þess að eiga í samskiptum við fyrirtæki. Halló er búið að gera þessa mælingu undanfarnir fjögur ár og hlutur þessara miðla vex á hverju ári.

3. Ekki gleyma nafnlausu netföngunum

Tölvupóstur er mikilvægur, 26% einstaklinga kjósa helst að eiga samskipti við fyrirtæki með tölvupósti. Það þarf að passa vel upp á sameiginleg netföng fyrirtækja eins og info@, sala@ og fleiri slík. Þangað koma viðskiptavinir sem þarf að sinna af vandvirni.

Hér eru nokkrar góðar ástæður fyrir því að útvista símsvörun

1. Það er ódýrara að láta Halló svara í símann. Þar starfar fagfólk sem daglega svarar hundruðum símtala. Fjöldi símtala skapar hagræði og lægra einingaverð.
2. Gæði svörunar verða meiri ef þjónustan er veitt af sérhæfðu fyrirtæki sem lítur á það sem meginhlutverk sitt að veita faglega símaþjónustu. Markmið Halló er að búa til ánægða viðskiptavinum.
3. Útvistun á símsvörun fjarlægir á einum degi öll vandamál

sem tengjast frium, veikindum og öðrum frávikum.

4. Stór þjónustuver geta sparad verulegar fjárhæðir með því að útvista svörun þegar mest er að gera. Þannig er hægt að manna þjónustuver miðað við meðalalag, ekki álagstoppa.

5. Hægt er að lengja opnunartíma þjónustuvera/símaþjónustu með litlum tilkostnaði með því að útvista símsvörun utan hefðbundins vinnutíma.

6. Neytendur velja ólíkar leiðir til þess að hafa samskipti við fyrirtæki. Halló svarar einnig netspjalli, skilaboðum (Messenger) og tölvupóstum. Það skapar samfellu og faglegt yfirbragð að svara þessum miðlum öllum með samræmdum hætti.

7. Halló getur stýrt flæði skilaboða um fyrirtækið og haft eftirlit með því hvernig gengur að sinna þeim erindum sem þar koma fram.

8. Í staðinn fyrir launakostnað, launatengd

gjöld og annan starfsmannakostnað kemur einingaverð fyrir hvert samtal sem Halló svarar. Þannig verður öll stjórnun einfaldari.

9. Samskipti einstaklinga við fyrirtæki verða flóknari með hverju ári. Samskiptamiðlum fjölga og flækjustigið vex. Til þess að veita góða þjónustu þarf fullkominn tæknibúnað og sérfræðþekkingu.

BYRJADU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!



• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!

Download on the
App Store

GET IT ON
Google Play

Kennir frumlega og fræðandi leiki

TheDadLab hefur vakið athygli fyrir frumlegar hugmyndir að leikjum og tilraunum sem fjölskyldur geta stundað saman, bæði til að skemmta sér og fræða börnin.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Sergei Urban er heimavinnandi húsfáðir sem lumar á alls kyns skemmtilegum og áhugaverðum hugmyndum að vísindatilraunum og leikjum fyrir börn sem hann birtir á samfélagsmiðlasíðum TheDadLab og samnefndum vef.

Urban vann áður sem hagfræðingur og segist vera hvorki kennari né vísindamaður, heldur bara pabbi sem sé að deila upplifun sinni af faderni. Hann finnur upp á alls kyns skemmtilegum leiðum til að skemmta sér með sonum sínum tveimur, sem eru fjögurra og sex ára.

Urban notar hversdagslega hluti sem hægt er að finna á hverju heimili til að heilla syni sína með vísindatilraunum þar sem leikið

er með náttúruöflin og reglur eðlisfræðinnar. Hann finnur líka upp á ýmsum einföldum leikjum sem eru oft fræðandi og geta hrist upp í hversdagsleikanum, gefið imyndunaraflinu lausan tauminn og hjálpað börnum að átta sig á margbreytileika heimsins.

Urban segist hafa skapað TheDadLab til að deila skapandi verkefnum sem hann og synir hans taka sér fyrir hendur með eins mörgum foreldrum og hægt er til að hvetja þá til að verja fleiri gæðastundum með börnunum sínum og gera börnin forvitin og áhugasöm um heiminn.

Urban er nýbúinn að gefa út bók með safni tilrauna sem hjálpa foreldrum að kynna einföld vísindi fyrir börnum. Í bókinni eru 40 tilraunir útskýrðar á einfaldan hátt, svo foreldrar geti lýst fyrir börnum sínum hvernig og hvers vegna þær virka.

Urban segir að engin af tilraunum krefjist sérstaks útbúnaðar eða kunnáttu og að börn geti oft lært um vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði í gegnum einfaldar tilraunir án þess að taka eftir því. Á sama tíma geti foreldrar notið góðra stunda með börnum sínum og skapað minningar sem endast alla ævi.

A vef og samfélagsmiðlasíðum TheDadLab er hægt að finna ýmsar skemmtilegar hugmyndir. Hér eru tvær sem er auðvelt að prófa heima.

Steingerð risaeðlu egg

Fyrir þetta þarf bara frysti, blöðru, leikfangarisaeðlu og hamar. Maður setur risaeðluna varlega inn í blöðru án þess að gata blöðruna. Svo blæs maður blöðruna út til að teygja hana út og hleypir loftinu því næst úr henni. Svo setur maður blöðruna undir krana og fyllir hana



Sergei Urban er heillinn á bak við TheDadLab, sem kennir alls kyns skemmtilega og fræðandi leiki og vísindatilraunir. MYNDIR.THEADLAB

af vatni. Þá er hægt að bæta glimm-eri eða málningu út í vatnið, en svo á að loka blöðrunni og setja hana í frysti yfir nótt.

Þegar vatnið er alveg frosið tekur maður svo blöðruna utan af „egg-inu“, lætur barnið fá hlífðargleraugu og leyfir því að nota hamarinn til að brjóta klakann varlega utan af risaeðlunni og frelsa hana. Það er best að gera þetta utandyra. Það er líka hægt að nota volgt vatn í staðinn fyrir hamar.

Staðið á eggjum

Fyrir þetta þarf að minnsta kosti tvo stóra eggjabakka. Svo þarf bara að setja eggjabakkana á

gólfíð og passa að öll eggin standi upp á endann og mjói endinn vísi upp. Þá er hægt að standa á eggjunum án þess að þau brotni, lofar Urban, en maður þarf að passa að stíga á sex egg með hvorum fæti.

Fréttablaðið ábyrgist ekki að þessi vísindatilraun kosti ekki nokkur egg, en Urban segir að vegna forms síns geti eggin þolað þungann af fullorðnum einstaklingi. Hann útskýrir að egg hafi form sem þoli töluverðan þunga, sé þrýst á þau úr rétttri átt, því þau dreifa svo vel úr álaginu og að þegar líkamsþunganum er dreift á milli tólf eggja sé ekki of mikill þungi lagður á hvert egg.

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og **JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

Glæný og fersk störf í hverri viku.

FRÉTTABLAÐIÐ IS Job.is



Hægt er að standa á eggjum án þess að þau brotni.

Hér er eitt risaeðlu egg á leiðinni í frystinn.



Urban-feðgarnir skemmta sér við alls konar skapandi verkefni. Hér er teiknað í kringum skugga.

Bílar & Farartæki



Suzuki mótörhjól Komdu og klktu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2013, ekin 85 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.390.000. ath. skipti ódýrari Rnr.289529.



TOYOTA Land cruiser 150 gx diesel 7 manna. Árgæð 2011, ekin 167 þ.KM, disel, sjálfskiptur 5 girar.100% þjónustubók, skipt um timareim í 150þús. Verð 4.980.000. Rnr.289486.



TOYOTA Hilux gx disel 33". Árgæð 2018, ekin 6 þ.KM, disel, sjálfskiptur 6 girar. 33" Invincible breyting Cluggahlifar,heithúðun á palli króm á afturljósum Verð 6.570.000. Rnr.152518.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

Bílar til sölu



Fallegur og vel með farinn lítíó ekin Benz CLA 180. Bill með öllu, vetrardekk á felgum. Allar upplýsingar veitir Askja notaðir bílar í síma 590-2160

Varahlutir

VAKA

BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKÍÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA

Sími: 567 6700 | vakahf.is

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diskar og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfjinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.



Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000

info@handafi.is | handafi.is

NÝR TOYOTA YARIS 2018*

Til afgreiðslu strax
Komið og reynsluakið

Vel búinir

- ✓ Bluetooth
- ✓ Hiti í sætum
- ✓ Akreinafari
- ✓ Árekstrarvari
- ✓ USB og Aux tengi

*Yaris 1,0 beinsín beinskiptir nýr bill árgæð 2018

Bílar í ábyrgð - Skoðum með uppþöku á öllum tegundum bifreiða

VERÐ KR.
1.990
ÞÚS.

ÁÐEINS
25 ÞÚS
Á MÁNUÐI**
80%lán

ÁÐEINS
29 ÞÚS
Á MÁNUÐI***
90%lán

Fyrir aðeins
99 þúsund kr.
aukalega færð
þú 15" áttelgur
og filmaðar
rúður.

** Mílaáð við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95% - ÁHK 9,64%
*** Mílaáð við 90% lán til 60 mánaða - Ársvektir eru 6,15% - ÁHK 10,05%

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndaryfirtæki
í rekstri
Vakahluti Skoðubíla

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.




Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Þjónusta

Hreingerningar

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

HELLULAGNIR

LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- Jarðvinna
- Drenlagdir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

Bókhald

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Húsaveiðhald

k2

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftstækikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Hreinsu þakrennur, laga á þökum og tek að mér ymis verkefni. Uppl:847-8704 eða manning@hotmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagdir og trésmíði. S. 616 1569

Spáðómar

SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845

Spáir í spil og bolli. Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR


Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBÝGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIÐUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec Á2 harðviðarskrufur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf. Öseyrarbraut 2 Hf. Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þu að...
börneiga rétt á nægum sæti ni

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

BAKARÍ / KAFFIHÚS

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.

Og annanhvem laugardag. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

Uppl. sendist á: sveinsbakari@sveinsbakari.is

VÉLSTJÓRI/VÉLAVÖRDUR

Vantar strax á dragnótatátt frá Þorlákshöfn, vélarstærð 478 kw. Uppl s: 852-0367 eða 856-5451

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA ADRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafði störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnuauglýsingar | Job.is

Rekstur upplýsingakerfa - mikil tækifæri

intellecta • Gagnagrunnssérfræðingur - SQL (DBA)
• Kerfisfræðingur - Skýjalausnir o.fl.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.
Sjá nánar á www.intellecta.is

Fjármálastjóri

intellecta Rótróíð og traust þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að sinna bókhaldi, fjármálum og uppgjöri ásamt ýmsum skrifstofustörfum.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst 2018.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

Deildarstjóri hitaveitna

intellecta RARIK óskar eftir að ráða deildarstjóra hitaveitna. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða deildina. Deildin heyrir undir rekstrarsvið RARIK og er næsti yfirmaður framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. september 2018.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

Viltu vinna með okkur? - Stjórnandi í Grafarvogslaug

capacent Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir öflugum stjórnanda í Grafarvogslaug. Um er að ræða 100% starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 3. september
Upplýsingar og umsókn á capacent.
is/s/7022

Verkfræðingur / Tæknifræðingur

capacent Rio Tinto á Íslandi leitar að kraftmiklum einstaklingi til að hafa yfirmarsjón með öllu sem tengist rekstri bygginga og athafnasvæðis verksmiðjunnar. Leitað er að einstaklingi með góða tæknipækkingu sem hefur reynslu af verkefnastjórnun og eignaumsjón. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf hjá alþjóðafyrirtæki.

Umsóknarfrestur er til 29. ágúst
Upplýsingar og umsókn á capacent.
is/s/7014

Viðskiptastjórar

capacent Samtök iðnaðarins leita að metnaðarfullum, kraftmiklum og skipulögðum einstaklingum til að taka þátt í öflugri starfi samtakanna. Leitað er að þremur viðskiptastjórum til að sinna fjölbreyttum verkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst.
Upplýsingar og umsókn á capacent.
is/s/7018

Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrnann Helgason, hrnann@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

hækkað á undanförunum árum. Þannig nam árleg meðalhækkun laxaverðs 8,2 prósentum á árunum 2008 til 2017 en hana má rekja til kröftugrar eftirsurnar að sögn Kjartans. „Laxinn er hágaðavara sem er neytt á öllum tímum dagsins, alla daga vikunnar, jafnt helgar sem virka daga hvort sem er reykt eða grafið, nú eða í sushi, sashimi eða laxa-carpaccio svo dæmi sé tekið. Vörubróunin hefur í raun gengið einstaklega vel,“ segir Kjartan.


„Það hefur verið stöðug sex til átta prósentu aukning í eftirsurn á hverju ári. Eftirsurnin hefur að jafnaði vaxið hraðar en framboð og að því leyti höfum við ekki áhyggjur af skammtimasveiflum í framboði,“ segir hann og bendir á að samkvæmt líkönun greindana þurfi framboð að aukast um rúm 8% prósent til þess að verðlækkun á milli ára komi fram. Það séu ólíklegar langtímahorfur í ljósi þeirrar aukningar í eftirsurn sem vænta má spár allþjóðastofnana um fólksfölgun og áframhaldandi fjölgun í millistétt Asíu ganga eftir.

Eldin verði stærri en útgerðir


Kjartan segir Ísland verða að nýta þau tækifæri sem landfræðileg staða þess býður upp á. „Þannig höfum við í raun byggt upp þau lífsgæði sem við búum við í dag eins og glögg má sjá af forskinum á krönnunni. Það eru í raun bara örfá lönd sem hafa aðstæður fyrir laxeldi og Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt þau lönd sem tækifæri hafa til að nýta aðstöðu sína til fiskeldis. Færeyingar og Norðmenn hafa á undanförunum árum margfaldað útflutningsverðmæti sjávarafurða með laxeldi. Ef við viljum áframhaldandi uppbyggingu lífsgæða, svo sem í mennta- og heilbrigðiskerfi, þá þurfum við vöxt.“

Í þessu samhengi ber Kjartan

/// Framleiðsla í laxeldi og framleiðsluspá



/// Framleiðsla í laxeldi og framleiðsluspá



saman þróun á tekjum stærstu íslensku útgerðarinnar, HB Granda, annars vegar og Salmar hins vegar. Fyrirtækin tvö höfðu álika miklar tekjur árið 2006 en tíu árum síðar voru tekjur Salmar öronar um það bil fimm sinnum meiri. Þá vaknar sú spurning hvort íslensk fiskeldisfyrirtæki geti með tímanum orðið jafn umsvifamikil og útgerðirnar.

„Útgerðirnar eru nú þegar uppi í þaknu og geta ekki vaxið ef þeim er

ekki heimilt að hagræða og sameinast. Villti aflinn í höfunum breytist lítið í heild sinni á meðan markaðir stækka. Þetta er stóri munurinn á fiskeldinu og hinu hefðbundna útgerðarformi,“ segir Kjartan og nefnir einnig að fiskeldi og útgerð séu ólík að því leyti að fiskeldi sé drifid áfram af eftirsurn en veiðarnar af framboði. „Á föstudegi erum við búin að selja uppskeruna fyrir komandi viku. Hefðbundinn sjávar-

Viðtæk reynsla í sjávarútvegi

Kjartan Ólafsson útskrifaðist með meistaraáráðu í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum í Tromsø með áherslu á fiskihagfræði og fjármál. Árið 1999 gekk gekk hann til liðs við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem síðar varð Glitnir. Þar vann Kjartan við kostgæfnisathuganir og greiningu á sjávarútvegi. „Ég flutti til Álandss eftir yfirtöku Glitnis á KreditBanken árið 2005 og leiddi þar norska sjávarútvegsteymið. Þremur árum síðar var ég ráðinn framkvæmdastjóri sjávarútvegsteymis Glitnis.“ Kjartan stofnaði sitt eigið ráðgjafarfyrirtæki, Markó Partners, árið 2011 og var það meðal annars ráðgjafi kanadíska félagsins High Liner Seafood við kaup á bandaríska hluta ícelandic Group sama ár. Hann var kjörinn stjórnarformaður Arnarlax árið 2013.

útvegur er í meiri mæli framleiðsludrífinn, í þeim skilningi að fiskurinn er seldur eftir að hann er veiddur.“

700 milljóna króna skattspor
Hvað geta stjórnmöld gert til þess að búa íslenska laxeldisöndunum betri skilyrði?

„Það er að mínu mati gríðarlega mikilvægt að við sættumst á lagaramma og umgjörð sem þurfa að vera þannig að hagsmunaaðilar beygi sig undir visindalega ráðgjöf. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar kveður á um að framleiðsla á um 70 þúsund tonnnum á ári sé vel innan skynsamlegra hættumarka hvað varðar hugsanleg áhrif á villilaxinn. Við þurfum að vinna áfram

með áhættustýringu og beita mælitækjum upplýsingar og visinda.“

Hvaða sköðun hefurðu á umræðunni um laxeldi á Íslandi?

„Umræðan hefur verið lituð af hagsmunabaráttu þar sem veiðiréttarhafar leitast við að rægja atvinnugreinina með ósannindum og hræðsluáróðri eins og til dæmis um áhrif hugsanlegrar erfðamengunar og ástand botns undir sjókvíum. Það er að sjálfsgöðu ekki okkur í hag og beinlínis stórhættulegt í svona rekstri, að sinna ekki umhverfisþáttum eins lús og uppsöfnun á botni. Þannig tekur Arnarlax umhverfismálin mjög alvarlega og við höfum stutt við tillögur um aukid gegnsæi og birtun ni til dæmis lúsatölur á heimasiðu okkar. Auk áhættumats á áhrifum á villilaxinn framkvæmir Hafrannsóknastofnun burðarþolsmat á fjórðunum þar sem aðstæður eru metnar. Það er algjört lyklatríði að umræðan byggji á staðreyndum og visindum,“ segir Kjartan.

Í skýrslu starfshöps sjávarútvegsráðherra, sem þú sást í, er lagt til að innheimt verði auðlindagjald af þeim sem stunda laxeldi í sjókvíum. Hefur laxeldisöndurinn á Íslandi burði til að greiða sérstakan skatt eins og stendur?

„Arnarlax hefur ekki sett sig upp á móti umræðu um auðlindagjald. En hafa þarf í huga að í Noregi var laxeldi leyft að vaxa sem atvinnugrein í 40 ár áður en umræða um auðlindagjald hófst. Skattspor Arnarlax fyrir síðasta ár var uppi í kringum 700 milljónir og ef við tókum Bilddual sérstaklega fyrir var það svæði áður skilgreint sem brothætt byggd en er nú í blóma. Uppbygging í þessari grein hefur blásið lífi í strandbæi um allan heim og haft ótvíráða kosti hvað varðar umhverfisvæna matvælaframleiðslu og samfélagsáhrif.“

Ísafold er ein stærsta prentsmiðja landsins og þjónustar daglega stóran hóp viðskiptavina. Verkefni okkar eru jafn fjölbreytt og viðskiptavinir okkar eru margir. Allt frá einföldum nafnspjöldum til bæklinga sem dreift er í öll heimili landsins. Bækur, tímarit, bæklingar og umbúðir. Við komum hugmyndum þínum í framkvæmd.

Hafðu samband og við klárum þetta saman.

Logi Knútsson,
prentari og Leedsari



Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfissvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismarkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsföni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

Áratugur breytinga: Neysla og neyslumynstur



Matthías Þorvaldsson
viðskiptastjóri
hjá Gallup

Áratugur er brátt liðinn síðan efnahagshrunið reið yfir. Margir segja að hrúnið hafi breytt hegðun fólks, að minnsta kosti til skamms tíma. Innflutningur nýrra bíla hafi lagst að stórum hluta af fyrst eftir hrún, en að bílpartasölur og bifreiðaverkstæði hafi blómstrað sem aldrei fyrr. Ferðalög hafi aukist mikið innanlands á kostnað utanlandsferða, fólk hafi þurft að spara peninginn í stað þess að eyða honum í eitthvað misgáfulegt. Ferðamáti hafi almennt breyst í þá veru að einkabíllinn var hvíldur eða seldur, ganga, hlaup, hjólréiðar og almenningsamgöngur hafi komið í staðinn, umhverfisvænni ferðamátar. Þá var rætt um að fólk hefði farið að hittast meira og að matarboðum hefði fjölgað. Hér verður skoðað hvernig þessir þættir þróðust og hvernig staðan er í dag, en Gallup rannsakar fjölmarga þætti sem gætu varpað ljósi á málið.

Bilaviðgerðir


Í Neyslu- og lífsstílskönnun Gallup árin 2008 og 2009 sögðust einungis 53% svarenda láta gera við heimilisbílinn á almennu bifreiðaverkstæði. Þetta hlutfall hefur æ síðan mælst hærra og er nær alltaf talsvert yfir 60%.

Ferðalög


Þegar fólk var spurt hvort það hefði ferðast eitthvað innanlands á síðastliðnum 12 mánuðum, sögðust að meðaltali 84% hafa gert það árin 2008 til 2010, en þetta hlutfall hefur farið lækkaði síðan þá og er meðaltali síðustu þriggja ára (árin 2015 til 2017) nú tæplega 79%. Ekki stórkostleg breyting, en einhver viðbending um að skammtíma áherslubreyting hafi orðið hjá fólki í ferðavali í kjölfar hruns.

Ferðum Íslendinga til útlanda hefur fjölgað svo um munar á síðastliðnum áratug. Þannig fóru tæplega 49% landsmanna í minnst eina utanlandsferð (í fri) árin 2008 til 2009,


Hlutfall sem fór fimm eða fleiri ferðir í fri erlendis



Dagleg neysla



Hlutfall sem getur safnað sparifé



en þetta hlutfall fyrir árin 2016 og 2017 er riflega 76%. Þá hefur fjöldi þeirra sem fara fimm eða fleiri ferðir í fri á ári hvorki meira né minna en þrettánfaldað á milli árunum 2009 og 2017 (úr 0,5% í 6,6%). Aukin samkeppni, lægra verð, meira framboð, aukid úrval. Í utanlandsferðum hefur á síðasta áratug orðið alger sprenging

í neyslumynstri Íslendinga og sér ekki fyrir endann á henni enn.

Matargestir

Hversu oft færð þú matargesti? Aðspurð sögðust 83% Íslendinga fá matargesti minnst fimm sinnum árlega árið 2008. Þetta hlutfall hélst nánast óbreytt í sex ár, eða til ársins



Ferðum Íslendinga til útlanda hefur fjölgað svo um munar á síðasta áratug.

Í utanlandsferðum hefur á síðasta áratug orðið alger sprenging í neyslumynstri Íslendinga og sér ekki fyrir endann á henni enn.

2013. Árin 2014 til 2016 mældist það um 77% og í fyrra féll það aftur, eða í 72%. Matarboðum virðist þannig vera að fækka hjá Íslendingum. Skyldi það vera af því að þeir eru oftari í útlöndum?

Ferðamáti – strætó og reiðhjól

Undanfarna mánuði hefur verið fjallað mikið um almenningsamgöngur, ekki sist borgarlinnu. Í þeirri umræðu hefur verið minnst á hversu hægt gengur að auka notkun fólks á strætó, en hlutdeild strætó í ferðamáta hefur verið um 4% og hefur það hlutfall lítið breyst frá árinu 2011 samkvæmt ferðavenjukönnun sem Gallup framkvæmir fyrir SSH og Vegagerðina.

Það gengur misvel að fá Íslendinga til að nota reiðhjól. Þannig hefur reiðhjólæign landsmanna breyst lítið á síðastliðnum áratug, en engu að síður jókst hlutdeild hjólréiða sem ferðamáta úr 4% í 6% milli árunum 2014 og 2017 samkvæmt áður nefndri ferðavenjukönnun.

Neysla og sparnaður


Gallup hefur síðastliðin níu ár beðið fólk að áætla hversu hárra upphæð í krónum það eyðir í daglega neyslu sína, þ.e. í mat, drykk, hreinlætisvörur, fót, skemmtanir og þess háttar, en ekki stærri innkaup svo sem húsnæði og bíla. Meðalupphæð

daglegrar neyslu hefur hækkað úr tæplega 5 þúsund krónum í næstum 6 þúsund á árunum 2010 til 2018. Þegar upphæðir fyrri ára eru á hinn bóginn skoðaðar á núverandi, má draga þá ályktun að dagleg neysla fólks hafi dregist aðeins saman á þessu níu ára tímabili.

Ef það er rétt að dagleg neysla hafi dregist saman eða í besta falli staðið í stað undanfarnin áratug, er fólk þá að spara meira? Gallup biður fólk í sífellu um að meta fjárhagsstöðu heimilisins: Er verið að safna skuldum, ganga á sparifé til að ná endum saman, standa á slöttu, hvort hægt sé að spara svolitíð, eða talsvert. Hlutfall þeirra sem geta safnað sparifé hefur breyst mikið undanfarnin áratug. Fyrstu fjögur árin eftir hrún (2008-2011) lækkaði þetta hlutfall úr riflega 61% í 36-41%, hélst á því bili til ársins 2014, en hefur síðan þá hækkað aftur og hefur reyndar aldrei mælst hærra en núna (2018), eða í rétt tæplega 63%.

Að lokum

Alkunna er að besta forspá um hegðun fólks er fyrri hegðun þess. Íslenska efnahagsáfallið markaði upphafið að áratug breytinga og það breytti vissulega hegðun fólks sé tekið mið af fyrrgreindum niðurstöðum. Sumt breyttist mikið og er enn að breytast. Ferðamannaáætlunin er til dæmis á vegferð sem er enn að taka á sig mynd og stafræna byltingin er vel þekkt, hún er í fullum gangi. Samfélagslegt hlutverk Gallup á Íslandi felst að stórum hluta í að fylgjast reglulega með ótal þáttum mannlífisins og greina frá þróun þeirra yfir tíma. Gallup mun áfram fylgjast með framvindunni. Og segja frá.



Útivistarverslunin Ellingsen er rekin sem dótturfélag S4S. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

S4S keypti allt hlutafé í Ellingsen fyrir tæpar 250 milljónir króna

Verslunarrísinn S4S keypti allt hlutafé í útivistarversluninni Ellingsen fyrir tæpar 246 milljónir króna, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins fyrir síðasta ár. Kaupin á Ellingsen, sem rekur tvær verslanir, annars vegar á Akureyri og hins vegar í Reykjavík, gengu í gegn í maí í fyrra.

Ellingsen er rekið sem dótturfélag S4S en síðarnefnda félagið rekur meðal annars verslanir Steinars Waage, Kaupfélagið, Ecco og Skechers, auk netverslana. Seljandinn var Sjávarvísun, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, en samhliða kaup-

unum fór eignarhlutur félagsins í S4S úr 26 prósentum í 40 prósent. Pétur Þór Halldórsson á jafnframt 40 prósent hlut í verslunarrísanum en þeir Hermann Helgason framkvæmdastjóri og Georg Kristjánsson fara með tju prósent hlut hvor.

Í ársreikningi S4S kemur jafnframt fram að afkoma Ellingsen hafi verið jákvæð um 13,3 milljónir króna á síðasta ári. Var eigið fé útivistarverslunarinnar líölega 82 milljónir króna.

S4S hagnaðist um riflega 102 milljónir króna í fyrra en rekstrartekjur verslunarfélagsins voru um 3.197 milljónir króna á árinu. – Kjú

Lagardère á Íslandi velti 3,8 milljörðum

Lagardère á Íslandi, sem rekur veitingastaði og sælkeraverslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, hagnaðist um 248 milljónir króna á síðasta ári og jókst hagnaðurinn um 36 prósent frá fyrra ári þegar hann var um 182 milljónir króna.

Fram kemur í ársreikningi félagsins, Lagardère Travel Retail ehf. sem er einn stærsti veitingasalinn á Íslandi, að rekstrartekjur þess hafi numið 3.795 milljónum króna í fyrra borið saman við 3.014 milljónir króna árið 2016. Jukust tekjurnar þannig um 26 prósent á milli ára.

Rekstrargjöld Lagardère Travel Retail námu 3.402 milljónum króna á síðasta ári en þau voru 2.747 milljónir króna árið 2016.

Félagið, sem rekur veitingahúsin Nord og Mathús, kaffihúsin Kvikk Café og Segafredo, barinn Loksins og verslunina Pure Food Hall, átti eignir upp á 1.056 milljónir króna í lok síðasta árs og var eigið fé þess á sama tíma 545 milljónir.

Fjöldi ársverka var 153 í fyrra skorið saman við 134 árið áður en í skýrslu stjórnar segir að félagið hafi þurft að leita til starfsmannaleiga til þess að brúa skort á starfsfólki.



Lagardère á Íslandi rekur fjölda kaffihúsa og veitingastaða, auk sælkeraverslunar, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þar á meðal Nord. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

Hagnaður Lagardère á Íslandi var um 248 milljónir króna á síðasta ári og jókst um 36 prósent á milli ára.

Lagardère á Íslandi er að meirihluta, sextíu prósentum, í eigu franska móðurfélagsins Lagardère á móti íslenskum hluthöfum sem eiga fjórutíu prósent hlut í gegnum félagið NQ ehf. Félagið hóf starfsemi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2015. – Kjú

X-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ

Nýr Grandland X fullkomnar flokk sportjeplinga frá Opel. Hver þeirra þriggja hentar þér best?

UPPELDUR!
Ný sending væntanleg



Opel Grandland X

Grandland X er flaggskip sportjeplinga Opel og á frábæru verði. Hér eru þægindi, hátækni og lúxus staðalbúnaður.

Verð frá: **3.990.000 kr.**

Frumnýningartilboð:

Verð frá: 3.790.000 kr.



Aðeins örfá eintök eftir á þessu frábæra tilboði!

Opel Mokka X

Mokka X er flottur fjórhjóladrifinn sportjeplingur sem sameinar lipurð og styrk.

Verð: **4.990.000 kr.**

Tilboðsverð: **4.490.000 kr.**



Opel Crossland X er öruggasti bíllinn árið 2017 í sínum flokki, samkvæmt EURO NCAP.

Opel Crossland X

Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn öruggur, rúmgóður, sparsamur og þægilegur.

Verð frá: **3.090.000 kr.**

Tilboðsverð: 2.890.000 kr.



Þýsk gæði

Þýsk hönnun

Þýsk hagkvæmni



Reynsluaktu Opel og þú gætir unnið Opel Karl til afnota í heilt ár



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel og bókaðu reynsluakstur á opel.is

Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Opunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bíllit
Benna

Skotsilfur



Copley í stjórn Steinhoff

Paul Copley, forstjóri Kaupþings, mun hafa nóg fyrir stafni á næstunni en hann var í liðinni viku skipaður í stjórn Steinhoff, suðurafríska smásölurísans sem hefur riðað til falls á undanföllum mánuðum vegna bókhaldshneykslis. Copley, sem tók við starfi forstjóra Kaupþings í apríl 2016, er sérfræðingur í endurskipulagningu fyrirtækja og var meðal annars einn af lykilmönnum í skiptum á slitabúi Lehman Brothers í Bretlandi, en gjaldþrot bankans er stærsta gjaldþrot fjármálasögunnar. Hans biður það vandasama verk að endurheimta tiltrú fjárfesta á suðurafríska félaginu en félagið hefur fallið um 95 prósent í virði eftir að efasemdir vöknudu um bókhald þess.



Líklegt að Eggert hreppi hnosið

Afar líklegt er talið að **Eggert Þór Kristófersson**, sem hefur gegnt starfi forstjóra N1 frá byrjun árs 2015, verði ráðinn forstjóri sameinaðs félags N1 og Festar. N1 tekur við rekstri smásölukeðjunnar, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og ELKO, í byrjun næsta mánaðar og verður í kjölfarið boðað til hluthafafundar þar sem kjörin verður stjórn sameinaðs félags. Eitt fyrsta verk Eggerts Þórs verður að selja þrjár sameinstöðvar Dælnnar, eins og Samkeppniseftirlitið gerði kröfu um, en að sögn kunnugra er þó nokkur áhugi á að kaupa stöðvarnar sem hafa skilað góðri afkomu.



Bláa lónið brátt það verðmætasta

Líkur eru á því að Bláa lónið verði brátt verðmætasta ferðabjónustufyrirtæki landsins. Fyrir ári var markaðsvirði félagsins um 38 milljarðar króna en til samanburðar var virði Icelandair Group á sama tíma næstum tvöfalt hærra. Virði flugfélagsins er hins vegar nú komið í 44 milljarða á meðan telja má líklegt að virði Bláa lónsins sé meira en 40 milljarðar en afkoma félagsins, sem **Grimur Sæmundsen** stýrir, hefur haldið áfram að batna undanfarið.



Grikkir snúa aftur á fjármagnsmarkaði



Grísk stjórnvöld munu nú í fyrsta sinn í átta ár geta sótt sér lánsfé á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum en þriggja ára björgunaráætlun landsins rann sitt skeið á enda á mánudag. Forsvarsmenn Evrópusambandsins fögnuðu áfanganum og sögðu Grikkir nú geta staðið á eigin fótum en grískur almennigur var ekki eins upprifinn við tíðindin, enda þarf hann að standa skil á niðþungum skuldum til ársins 2030. NORDICPHOTOS/GETTY

Regla í heystakki



Gunnar Dofri Ólafsson
lögfræðingur
Viðskiptaraðs

Frumforsenda þess að geta fylgt lögum og reglum er að vita hver þau eru. Þannig er æskilegt að reglur séu, svo fátt eitt sé nefnt, birtar, almennar, skiljanlegar og framkvæmanlegar. Lögjafinn hefur lagt sig fram um að tryggja að nýjasta útgáfa gildandi réttar sé ávallt aðgengileg hverjum sem vill á vef Alþingis, þótt mikið sé tekist á um hvort efni laganna sé nægilega skýrt. Þessari framsetningu er hins vegar ekki að heilsa hjá framkvæmdavaldinu við birtingu reglugerða.

Ef einhver ætlar að kynna sér tiltekna reglugerð eða vill fá heildstætt yfirlit yfir gildandi stjórnvaldsfyrirmæli er það hægara sagt en gert. Nú er sá hátturinn hafður á að reglugerðir birtar í reglugerðarsafni Stjórnarráðsins og allar síðari breytingar á þeirri reglugerð eru að jafnaði birtar í aðskildum skjölum. Reglugerð um leigubifreiðar hefur

til dæmis verið breytt tíu sinnum þannig að hún minnir á öxina sem þabbi minn erfið frá þabba sínum og ég loks frá þabba mínum, nema hvað að það er buið að skipta þrisvar um haus og fimm sinnum um skaft á öxinni.

Gildandi reglugerð er því að efninu til allt önnur en upprunalega reglugerðin, þó svo hún beri ennþá sama nafn og hafi enn undirskrift sama ráðherra og þegar hún var sett. Til að komast að því hverjar gildandi reglur eru þarf því að bera saman fjölmargar breytingarreglugerðir við upprunalega reglugerðina.

Óaðgengilegar reglur eru ekki góðar reglur

Fólk og fyrirtæki eiga að geta kynnt sér lög og reglurnar í landinu og hafa gott aðgengi að upplýsingum um þau boð og bönn sem þau eiga að fylgja. Í einhverjum tilvikum hafa stofnanir tekið að sér að halda úti uppfærðum reglugerðum á vef sínum og er það vel. Hins vegar á sá sem vill kynna sér gildandi rétt ekki að þurfa að þræða vefi ráðuneyta og ríkisstofnana til að finna læsilega útgáfu af reglugerðum, eða sauma breytingarreglugerðir saman við upprunalega reglugerð í groddelegu Word-skjali, fullu af breyt-

●● Reglugerð um leigubifreiðar hefur til dæmis verið breytt tíu sinnum þannig að hún minnir á öxina sem þabbi minn erfið frá þabba sínum og ég loks frá þabba mínum.

bætist ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Ef gefin er út breyting við stjórnvaldsfyrirmæli skv. 3. gr. eða við samning skv. 4. gr. skal fella texta hennar við gildandi stjórnvaldsfyrirmæli eða samning og birta á vef þess ráðuneytis sem fer með framkvæmd málaflokksins.

2. gr.

Lög þessi óðlast þegar gildi.

ingasporum. Reglugerðir eiga allar að vera auðveldlega aðgengilegar öllum á einum stað. Þessi skortur á aðgengi er ef til vill viðráðanlegri fyrir stærri fyrirtæki sem hafa lögfræðinga innan sinna vebánda, en mest bitnar þetta á einstaklingum, sprotum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem vilja komast að því hvaða reglur gilda um þau.

Lögjafinn er fullmeðvitaður um þessa stöðu. Frumvarp um uppfærslu stjórnvaldsfyrirmæla var lagt fyrir Alþingi haustið 2015. Fyrsti flutningsmaður var Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pirata, og er frumvarpið svo lítið og létt að það rúmast ágætlega hér:

1. gr.

Við löginn [lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005]

Ágreiningur og viljastyrkur



Lilja Bjarnadóttir
sáttamiðlari hjá Sáttaleiðinni og FKA-félagsskona

Rannsóknir hafa sýnt að viljastyrkur (e. willpower) er tæmandi auðlind: því meira sem við nýtum viljastyrk yfir daginn, því erfiðara verður fyrir okkur að standast freistingar. Dr. Roy Baumeister sýndi m.a. fram á þetta

í könnun þar sem nemendur sem máttu ekki fá sér nýbakaðar smákökur gafust fyrir upp við að leysa erfiðar þrautir en hópurinn sem mátti fá sér.

Við vitum öll að það er ekki hægt að taka orð til baka, og því bitum við stundum í tunguna á okkur eða höldum aftur af okkur. Slíkar aðgerðir geta gengið á sjálfsstjórna og viljastyrkinn hjá okkur. Því lengur sem svoleiðis ástand varir í ágreiningi, þeim mun meiri líkur eru á því að þú gefist upp eða springir og segir allt það sem þú ætlaðir ekki að segja.

●● Við vitum öll að það er ekki hægt að taka orð til baka og því bitum við stundum í tunguna á okkur eða höldum aftur af okkur.

Hér eru fimm leiðir til þess að auka sjálfsstjórn þína í erfiðum samtölum.

1) Veldu rétta tímann fyrir erfið samtöl. Oft höfum við meiri

þolinmæði á morgnana, áður en við höfum þurft að taka mikið af ákvörðunum eða staðið frammi fyrir freistingum.

2) Erfitt samtál eða langar samningaviðræður fram undan? Kannski hvort þú getur skipt þeim upp í fleiri styttri samtöl. Það er ekki alltaf mögulegt en það getur verið hjálplegt að hugsa um „erfiða samtalið“ sem nokkur styttri samtöl heldur en eitthvað sem verður að leysa í eitt skipti fyrir öll.

3) Erfiður dagur? Taktu stöðuna áður en þú byrjar á erfiðu samtali sem kemur óvænt á borðið til

þín. Það gæti verið árangursríkara að segja: „Við þurfum að tala um þetta og ég vil að við gerum það. En ekki núna. Ég er uppgefin(n) og mun ekki sýna minar bestu hliðar í þessu samtali ef við tökum það núna.“


4) Passaðu að vera ekki svöng/svangur. Sjálfsstjórn þarfnast orku eins og hvað annað og ef við erum orkulaus erum við líka líklegri til þess að hafa minni þolinmæði í ágreiningi.

5) Leggðu þig. Orkuleysi getur líka stafað af þreytu og þá getur hjálpað að taka stuttan lúur.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is



Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stjórnarmadurinn



@stjornarmadur

Dýrkeyptur barnaskapur

Á dögnum gengu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins af fundi Skipulags- og samgönguráðs borgarinnar vegna þess að þeim hafði ekki verið veittur nægjanlegur frestur og aðgangur að upplýsingum til að taka upplýstar ákvarðanir.

Fyrir ráðinu þann dag lágu 75 mál og hverju þeirra fylgdu að minnsta kosti tugir blaðsíðna af gögnum og upplýsingum.

Fulltrúar minnihlutans fengu að eigin sögn minna en sólarhring til að kynna sér gögnin og áttu síðan að mæta á fund þar sem taka átti mikilvægar ákvarðanir sem vörðuðu mikla hagsmuni borgarbúa.

Nú liggur fyrir að borgarstjórn Reykjavíkur virðist svipa meira til handrits að raunveruleikabætti en samkomu fullorönnna og lögráða einstaklinga. Þar er við marga að sakast en skyldi þó einhver álása sumum fyrir að reka út úr sér tunguna vitandi að ákveðnir fulltrúar minnihlutans bita á agnið í hvert einasta skipti? Hvor litur verr út, fulltrúi fimm prósentanna sem beitr leikskólataktik, eða fulltrúi stærsta flokks borgarinnar sem tekur það svo óstínt upp? Alveg örugglega sá síðarnefndi.

Sama fulltrúa stórflokksins hefur að því er virðist á hverjum einasta fundi tekist að einblína á smámál á kostnað hinna stærri. Auðvitað sjá kollegar hennar í meirihlutunum sér leik á borði. Hvert tækifæri er nýtt til að beina sjónum frá því sem raunverulega skiptir máli. Rekstri borgarinnar.

Auðvitað er það stórmál ef ákvarðanir hjá borginni eru teknar í slíkum flýti og á grundvelli svo takmarkaðra tækifæra til að kynna sér málin eins og raunin virðist hjá skipulagsráði. Slíkt myndi aldrei tíðkast hjá einkafyrirtæki, og ef svo væri sæjust þess fljótlega merki í rekstrinum.

Ruglið í borgarstjórn veldur því hins vegar að ekki er auðvelt að greina alvöru mál frá því sem engu skiptir. Þar eiga þeir fulltrúar sem einblína á ull og munneiflur mesta sök. Barnaskapur þeirra væri skondinn, ef ekki væri fyrir þá staðreynd að hann kann að hafa raunveruleg áhrif á rekstur og afkomu borgarinnar. Vinsamlegast vaxið úr grasi.



Sjávarsýn hagnaðist um 420 milljónir í fyrra

Sjávarsýn, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, hagnaðist um 419 milljónir króna í fyrra samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins. Félagið tapaði 50 milljónum króna árið 2016 og 333 milljónum árið 2015.

